# FRÉTTABLAÐIÐ

198. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST 2015




**Sólin tilbeðin í Nauthólsvík eftir sjósund, en fjölmargir nýttu sér góða veðrið til að svamla í sjónum í blíðunni í gær.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Frekari rök gegn byrjendalæsi

**Menntamálastofnun stendur við gagnrýni sína á árangur byrjendalæsis. Í ítarlegri skýringu sýnir stofnunin fram á að einkunnir barna í skólum með byrjendalæsi hafi lækkað marktækt. Forstjóri stofnunarinnar kallar eftir ítarlegri rannsókn á kennsluaðferðinni enda hafi hún verið innleidd í helming íslenskra skóla.**

**MENNTAMÁL** Menntamálastofnun hefur sent frá sér sex síðna svar við athugasemdum Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri, sem innleiddi byrjendalæsi. Í svarinu er rannsókn stofnunarinnar á árangri byrjendalæsis útskýrð í þaula og frekari gagnrýni á byrjendalæsi sett fram.

Til að mynda eru þær fræðigreinar sem Miðstöðin hefur vísað í til grundvallar þróunar byrjendalæsis gagnrýndar. „Athygli vekur að flestar greinarnar eru frá því fyrir árið 2000 og sú nýjasta frá árinu 2003,“ segir í svarinu og er spurt hvort tekið hafi verið tillit til nýrri rannsókna við þróun aðferðarinnar.

Einnig gagnrýnir Menntamálastofnun skimunarpróf sem sagt er sýna árangur kennsluaðferðarinnar. Segir í svarinu að skimunarprófið hafi verið þýtt árið 2000 og ekki verið staðlað fyrir Ísland. Niðurstöður úr slíku prófi í lok 1. bekkjar geti því ekki talist mælikvarði á árangur nemenda í lestri.

Í síðustu viku birti Menntamálastofnun niðurstöður rannsóknar sinnar um byrjendalæsi sem sýndi slakan árangur aðferðarinnar. Upphafsmenn byrjendalæsis hafa gagnrýnt þessa rannsókn en í svari Menntamálastofnunar eru niðurstöðurnar dregnar saman á einfaldari hátt. Þannig sýnir Menntamálastofnun fram á að meðaltal einkunna í skólum sem hafa tekið upp byrjendalæsi lækki marktækt eftir að þeir tóku upp aðferðina og séu marktækt lægri en landsmeðaltalið. Einnig að samanburðarhópurinn, nemendur sem ekki hafa verið í skólum með byrjendalæsi, sé með hærri einkunnir.

Í lok svarsins segir að þar sem innleiðing byrjendalæsis hafi hafist fyrir tíu árum mætti ætla að það lægi fyrir fræðilegt mat á árangri sem skólar gætu tekið afstöðu til og ekki síst þegar aðferðin hefur verið innleidd í um helming íslenskra skóla.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir eðlilegt að það fari fram ítarlegri rannsókn á byrjendalæsi enda sjáist hvergi í gögnum frá Háskólanum á Akureyri að sú rannsókn hafi verið gerð. „Við erum ekki að leggja dóm á byrjendalæsi, það er hlutverk skólastjórnenda og kennara. En niðurstöður okkar sýna marktækan mun á árangri barna í byrjendalæsi og annarra og því eru sterkar vísbendingar um að aðferðin skili ekki þeim árangri sem menn eiga að geta gert kröfu til varðandi lestur barna,“ segir Arnór. Svar Menntamálastofnunar er að finna í heild sinni á nams.is. – **ebg**

### Einkunnir lækka með byrjendalæsi*

Meðaltal einkunna í skólum með byrjendalæsi fjórum árum fyrir innleiðingu og fjórum árum eftir innleiðingu.**




*Athugið að kvarðinn byrjar ekki á núlli.
**Rannsóknir voru gerðar á árunum 2005 til 2014 enda misjafnt hvenær skólar innleiddu byrjendalæsi.

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Olíuvinnsla verður nauðsynleg næstu áratugi.

**SPORT** KKÍ nálgast 40 milljóna markmiðið fyrir EM. 16

**MENNING** Áhugaleikhús atvinnumanna skoðar ástina. 22

**LÍFIÐ** Haraldur Jóhannsson íslenskaði texta N.W.A. 30

**PLÚS — 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



**Í dag** er spáð vaxandi norðaustanátt, 10-18 m/s síðdegis. Seinni partinn er spáð talsverðri úrkomu á Norðaustur- og Austurlandi. Hægari vindur og léttskýjað suðvestantil en hvessir og fer að rigna um kvöldið. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast suðvestanlands. SJÁ SÍÐU 20



**Líkið fannst fyrir austan.**

# Líkið mögulega af Frakka

**LÖGREGLUMÁL** „Okkur hafa borist nokkrar ábendingar og allt sem við vinnum nú að er vegna ábendinga sem við höfum fengið,“ segir Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum á Suðurlandi um líkfundinn í Laxárdal í Nesjum. Ekki er búið að bera kennsl á lík unga mannsins sem fannst þann 19. ágúst síðastliðinn en nú hefur Kennslanefnd til skoðunar hvort um geti verið að ræða tvítugan franskan ríkisborgara sem kom til landsins í byrjun október á síðasta ári.

Lögreglan á Suðurlandi og Kennslanefnd ríkislögreglustjóra vinna áfram að rannsókn málsins og vinnur Kennslanefndin nú með frönskum lögregluyfirvöldum vegna málsins sem og rannsóknarstofu í Svíþjóð sem framkvæmir DNA-greiningar fyrir sænsku kennslanefndina. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi.

Frakkinn kom hingað til lands í október á síðasta ári og flaug til Hafnar í Hornafirði. Ekki hefur spurst til hans eftir það.

„Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur verið lögreglunni á Suðurlandi og Kennslanefndinni innan handar. Við vinnum í þessu máli á fullu núna og eins og með margt annað sér maður ekki alltaf til lands. Við vitum ekkert hvað vegalengdin er löng,“ segir Þorgrímur um gang rannsóknarinnar.

Um er að ræða lík af ungum karlmanni, um það bil 186 sentímetrar á hæð, með axlasítt hár, í svörtum strigaskóm með hvítri stjörnu á hlið, dökkbláum íþróttabuxum og hettupeysu með áletruninni „Quicksilver“. – **ngy**

# Náttúrufegurðin fönguð



Þessir ferðamenn í Gróttu voru uppteknir við að fanga fegurðina; bæði hver annars og náttúrunnar. Fréttablaðið/Stefán

## Þrjú útköll á tveimur dögum

**LANDHELGISGÆSLAN Erill hefur verið hjá þyrlusveit Landhelgisgæslunnar fyrri part vikunnar, að því er fram kemur á vef Landhelgisgæslunnar.**

**Klukkan ellefu í gærmorgun barst beiðni um þyrlu vegna sjúklings á Blönduósi sem koma þurfti undir læknishendur í Reykjavík. „Þyrlan fór í loftið rúmum tíu mínútum síðar og hélt til móts við sjúkrabíl sem flutti sjúklinginn að Staðarskála í Hrútafirði,“ segir á vef gæslunnar. Lent var við Landspítala í Fossvogi rúmlega tólf á hádegi.**

**Daginn áður, mánudag, fór þyrlan í tvö útköll. Það fyrra vegna lítillar erlendrar flugvélar í eldsneytisvandræðum með einn um borð rúmlega 200 sjómílur suður af landinu. Þyrlan var í viðbragðsstöðu á Keflavíkurflugvelli þar til flugvélin var lent heilu og höldnu. Þá þurfti um kvöldmatarleytið að sækja sjúkling út í Flatey á Breiðafirði. Hann var kominn undir læknishendur rúmum 40 mínútum síðar. – óká**

# Áhyggjur af dvínandi bókakaupum stúdenta

**Nemendur við háskóla landsins kaupa færri nýjar skólabækur en áður. Innan við helmingur kaupir bækur sínar nýjar. Kennarar við Háskóla Íslands hafa áhyggjur af ástandinu. Prófessor segir slæmar námsvenjur hluta skýringarinnar.**

**MENNTAMÁL** Fjörutíu prósent nemenda við Háskóla Íslands kaupa skyldulesefni sitt nýtt. Þetta kemur fram í samantekt Bóksölu stúdenta á bókasölu haustsins 2014. Þá kaupa einungis þrjátíu prósent nemenda Háskólans í Reykjavík sínar bækur.

„Óhætt er að telja ástandið óásættanlegt. Kennarar ættu að ræða þessa stöðu í sínum greinum og deildum og leiðir til að bregðast við, strax á þessu haustmisseri,“ segir í bréfi sem Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við HÍ, sendi á samstarfsfólk sitt á dögunum. Í bréfi sínu rekur Rúnar mögulegar ástæður fyrir minnkandi sölu bóka.

Fyrsta mögulega ástæðan sem Rúnar bendir á er fjölbreyttur hópur námsmanna. Rúnar segir suma námsmenn stunda yfirborðsnám og temja sér slæmar námsvenjur. Í öðru lagi bendir hann á almennt minni bókalestur ungmenna og í þriðja lagi að nemendur hafi sagt honum að „námslánin séu ekki í takt við raunkostnað [kennslubóka] og nemendur freistist til að spara sér bókakaupin“. Fjórða ástæðan sem Rúnar telur upp er ólöglegt niðurhal kennslubóka og að nemendur skiptist á ljósritum auk þess að selja notaðar, eldri bækur. Loks segir Rúnar að „í mörgum tilvikum geri framhaldsskólar og háskólar í reynd ekki kröfu um kennslubókakostur í sínum kennsluháttum og námsmati og nemendur komist upp með að sleppa kennslubókalestri“.

Rúnar hvetur samstarfsmenn sína til að endurskoða námsmat og kennsluhætti. „Ljóst er þó af skýringunum hér að ofan að fleira þyrfti væntanlega að koma til svo kennslubókahald og kennslubókanotkun nemenda verði með þeim hætti sem kennarar gera almennt ráð fyrir,“ segir í bréfinu.



**Minnihluti nemenda í háskólum landsins kaupir nýjar bækur eins og þessar sem hér má sjá.** Fréttablaðið/Heiða

Nokkur svör bárust við bréfi Rúnars. „Frá því ég hóf nám í háskóla árið 2005 hef ég nánast aldrei keypt mínar námsbækur nýjar, einfaldlega þar sem það er svo brjálæðislega dýrt. Ég keypti flestallar bækur notaðar, ýmist af eldri nemendum eða af Amazon,“ segir í einu svarinu. „Ég held því að sölutölur bóksölunnar gefi alls ekki raunhæfa mynd af bókakaupum háskólastúdenta,“ segir í sama svari.

„Væri kannski skynsamlegt að leggja áherslu á að nota frekar (og útbúa) kennsluefni á netinu? Kostirnir eru m.a. að það yrði ókeypis fyrir nemendur og auðvelt er að uppfæra það sem úreldist annars,“ segir í öðru svari. **thorgnyr@frettabladid.is**

> **Óhætt er að telja ástandið óásættanlegt. Kennarar ættu að ræða þessa stöðu í sínum greinum og deildum og leiðir til að bregðast við, strax á þessu haustmisseri.**
>
> Rúnar Vilhjálmsson prófessor




UP! MEÐ ÖRYGGIÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com

VW Up! frá aðeins:
1.790.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 75634 08/15

# Hollari




## Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að heilbrigt mataræði styrkir varnir líkamans gegn ýmsum kvillum og sjúkdómum og eykur vellíðan. Góður dagur hefst á hollum morgunverði sem þarf ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

## Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.



Unnið að fornleifauppgreftri að Hrísbrú í Mosfellsdal þar sem fannst langhús fyrir um tíu árum sem talið hefur verið frá 870 til 910. Samkvæmt aldursgreiningu Páls Theódórssonar hófst búseta á Hrísbrú á tímabilinu 830 til 850.

Fréttablaðið/GVA

| | | |
|---|---|---|
| Staðfest er að manngerði hellirinn **Kverkhellir** sé frá um | 800 | |
| Búseta hófst að Hrísbrú í **Mosfellssveit** | 840 | (+/- 10 ár) |
| Brennd kindabein í **Hrafnkelsdal** eru frá | 858 | (+/- 10 ár) |
| Búseta í **Þjórsárdal** hófst | 875 | (+/- 4 ár) |
| Kumí **Skaftártungu** er frá | 882 | (+/- 4 ár) |
| Þrælagarður í **Biskupstungum** var hlaðinn | 903 | (+/- 10 ár) |
| Kolagröf við **Markarfljót** er frá | 952 | (+/- 5 ár) |
| Sólheimagjóskan kom frá gosi í **Kötlu** | 1322 | (+/- 3 ár) |
| Kolagröf í **Þjórsárdal** er frá | 1324 | (+/- 5 ár) |

# Kallar á endurskoðun á sögu landnáms

**Með nýrri tölvuúrvinnslu á gögnum um gjóskulög telur Páll Theódórsson eðlisfræðingur hægt að tímasetja mannvistarleifar með nákvæmari hætti en áður. Ljóst sé að landnám hafi hafist hér fyrr en áður hefur verið talið. Segir stöðnun ríkja í tímatali landnáms.**

**FORNLEIFAR** Með nýrri tölvuúrvinnslu er hægt að tímasetja með nákvæmari hætti byggð og fornmuni sem fundist hafa hér á landi. Þetta kemur fram í nýju smáriti Páls Theódórssonar, eðlisfræðings og vísindamanns emeritus hjá Raunvísindastofnun Háskólans.

Páll segir að með aðferðinni sem hann hefur þróað sé kominn traustur grunnur að gjóskutímatalinu (þar sem tímasetning er ákvörðuð eftir gjóskulögum í jarðvegi) og nákvæmar tímasetningar mannvistarleifa og gjóskulaga mögulegar. Óvissumörk tímasetninga séu á bilinu fjögur til tíu ár. „Fornleifafræðingar reyna iðulega að tímasetja mannvist af formgerð muna. Þetta er nú úrelt aðferð,“ segir hann í ritinu.

Páll vill meina að landnám Íslands hafi hafist umtalsvert fyrr en viðtekið sé í fræðaheiminum, þar sem talið sé að landnám hafi hafist í Reykjavík um 870. „Fyrstu landnámsmennirnir hafa vafalítið valið sér land til búsetu við sjávarsíðuna þar sem aðstaða til útróðra var góð,“ segir hann og bætir við að benda megi á fjölmarga staði á landinu sem hefðu þótt álitlegir. „Þar sem umtalsverð forleifarannsókn hefur aðeins farið fram á einum slíkum stað, í Reykjavík, og margt sem bendir til að landnám hafi hafist mun fyrr, stöndum við í raun á byrjunarreit í þessum efnum.“

Ýmsar niðurstöður nýrrar úrvinnslu gjóskusniða sem hann hefur hannað segir Páll að varpi ljósi á þennan frumþátt í sögu þjóðarinnar og sýni að landnám hafi hafist mun fyrr en nú sé talið. „Í ljósi þessara upplýsinga er augljóst að í íslenskri fornleifafræði ríkir alvarleg stöðnun í tímatali landnáms.“ Sögu elstu búsetu á Íslandi þurfi að taka til gagngerrar endurskoðunar.

Niðurstöður sínar byggir Páll að hluta á nýrri nálgun við mat á þykknun jarðlaga, en hraði þykknunar segir hann að hafi verið stöðugur í átta aldir eftir 870. „Hvorki búseta manna né stórfelldar breytingar á veðurfari hafa haft áhrif á þykknunina — gagnstætt því sem almennt er talið.“

Í riti Páls kemur fram að hann líti á samantektina sem frumniðurstöður og nýja nálgun sem fleiri geti nýtt sér. „Ég lít á þetta kver sem byrjun þar sem aðrir taka síðan við keflinu.“

**olikr@frettabladid.is**

## Hratt landnám bendir til fyrri heimsókna

Fáum hlutum í fornleifafræði er hægt að slá fram sem fullvísum, segir Orri Vésteinsson, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, og fagnar allri umræðu um aldur fornminja hér á landi.

Spurningunni um hvort landnám Íslands hafi verið neglt niður við ártalið 870 segir hann bæði hægt að svara með jái og neii. „Það skýrist æ betur að svarið er já í þeim skilningi að það er ekki fyrr en eftir 870 sem stórfelldir fólksflutningar hefjast hingað. Þá er landið numið geysilega hratt og kannski mun hraðar en menn töldu áður,“ segir hann. Á hinn bóginn sé auðvitað vitað að hingað hafi verið komið fólk fyrir 870. „Og um það deilir enginn.“

Til þess að hratt landnám og uppbygging frá 870 gangi upp segir Orri menn hljóta að gera ráð fyrir fólki hér í einhverjum mæli og þess vegna töluvert löngu á undan. „Í mínum huga er ekkert sem mælir á móti því að fólk hafi siglt hingað eða komið þess vegna hundrað árum áður og það eru nýlegar niðurstöður frá Færeyjum sem benda í nákvæmlega þá átt.“ Orri segir menn hafa verið duglega að lesa söguna þannig að landið hljóti að byggjast um leið og það hafi verið uppgötvað. Allt eins gæti verið að fólk hefði vitað af landinu en ekki séð ástæðu til að byggja það fyrr en um 1870 .

Lyfjaauglýsing

NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!




Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast eða leigja nýjan Opel atvinnubíl á þægilegan máta með bílafjármögnun eða Flotaleigu. Kannaðu málið hjá sölumönnum Bílabúðar Benna þegar þú velur þér nýjan bíl. Nánari upplýsingar um skilmála lána og Flotaleigu má sjá á lykill.is.



Í Kópavogi er biðtími eftir félagslegu leiguhúsnæði 30 mánuðir.

## Tveggja ára bið eftir félagslegu húsnæði

**FÉLAGSMÁL** Meðalbið fólks eftir félagslegu leiguhúsnæði á landsvísu er 25,6 mánuðir. Sveitarfélögin í landinu áttu í lok síðasta árs tæplega 5.000 leiguíbúðir, en sjö þeirra áforma að fjölga leiguíbúðum í náinni framtíð, samtals um 131 íbúð.

Þetta kemur fram í nýbirtri skýrslu Varasjóðs húsnæðismála en frá árinu 2004 hefur sjóðurinn annast árlega könnun á stöðu félagslegs leiguhúsnæðis hjá sveitarfélögum landsins og taka niðurstöður þessarar könnunar til ársins 2014. Lengst meðalbið eftir leiguíbúð árið 2014 var 30 mánuðir hjá Kópavogsbæ og Akraneskaupstað, 29 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og 24 mánuðir hjá Hveragerðisbæ.

Öll stærri sveitarfélög á suðvesturhorni landsins, frá Árborg til Borgarbyggðar, greiða sérstakar húsaleigubætur og stór hluti fjölmennari sveitarfélaga á landsbyggðinni einnig. Sveitarfélög sem greiða sérstakar húsaleigubætur áttu alls 4.229 íbúðir, eða 85,7% allra leiguíbúða íslenskra sveitarfélaga árið 2014. **– shá**

## Mörkin á milli vonar og vesældar



Hópur flóttamanna frá Sýrlandi reynir að komast frá Serbíu til Ungverjalands í gær í von um mannsæmandi líf. NordicPhotos/EPA

# Fæðingarorlof mun lægra en bætur

**Nýbökuð móðir segir ríkið refsa sér fyrir að hafa unnið með námi ári áður en barn hennar fæddist. Hún fær 85 þúsund krónur úr Fæðingarorlofssjóði. Hún segir kerfið bjóða upp á bakdyraleið til tekjuöflunar. Allt annað sé uppi á teningnum í Noregi.**

**STJÓRNSÝSLA** „Hvernig er hægt að láta manneskju í fæðingarorlofi með barn vera með tekjur sem eru mun lægri en lágmarkstekjur?“ spyr Bergljót Klara Benjamínsdóttir, nýbökuð móðir. Bergljót fær 85 þúsund krónur útborgaðar úr Fæðingarorlofssjóði.

Sonur Bergljótar fæddist þann 5. júlí síðastliðinn. Hún kláraði stúdentspróf vorið 2014 og var í 25 prósent vinnu um vorið. Það komi nú niður á orlofsupphæðinni, ekki sé tekið tillit til þess að hún var í námi. Síðari hluta ársins 2014 og fram til dagsins í dag hefur hún verið í fullri vinnu í skóla og á frístundaheimili. „Ég var að reyna að vera dugleg með náminu. Það munar miklu fyrir meðaltalið þegar það er miðað við 65 þúsund í laun en ekki 220 þúsund krónur.“

Hún segir að það hefði borgað sig að fara aðrar leiðir til tekjuöflunar á orlofstímabilinu. „Ég hefði alveg eins getað sleppt því að sækja um fæðingarorlof, sagt upp vinnunni og farið á atvinnuleysisbætur.“

Bergljót segist hafa talað við íslenskar mæður í Noregi. Þær fái 100% orlof í tólf mánuði og barnið komist svo inn á leikskóla. Ísland sé á allt öðrum stað. „Ég var dugleg á þessum tíma, að reyna að vinna eins mikið með skóla og ég gat. Árið 2014 var verkfall hjá framhaldsskólakennurum á útskriftarönninni minni svo ég reyndi að vera dugleg að vinna.“

Bergljót segir margar mæður hafa farið á atvinnuleysisbætur í kjölfar fæðingarorlofs til að vera lengur heima með barninu. „Það er sorglegt að sjá að maður þurfi að fara á bak við kerfið til að halda sér uppi með barnið.“ **snaeros@frettabladid.is**



Bergljót Klara með syni sínum, sem ekki fær leikskólapláss. Fréttablaðið/Ernir

### Borgar sig að fara á bætur

**Atvinnuleysisbætur eru nú**

184.188 kr.

Atvinnulausir eiga þó rétt á tekjutengdum bótum fyrstu þrjá mánuði bótatímabils sins.

*Samkvæmt heimasíðu Vinnumálastofnunar*

**Fæðingarorlofssjóður greiðir út 80 prósent af launum foreldra, að hámarki**

370 þúsund

Foreldrar eiga rétt á níu mánuðum samtals en jafnan tekur móðirin sex mánuði af því tímabili. Vilji hún lengja orlof sitt enn frekar, sem ekki er óalgengt, lækkar orlofsupphæðin sem því nemur.

**Móðir sem var með 360 þúsund krónur í brúttótekjur fyrir fæðingarorlof ætti að fá**

288 þúsund

**í laun í allt að sex mánuði.**

Velji hún að lengja orlof sitt í níu mánuði verða tekjur hennar 192 þúsund krónur. Af þeirri upphæð eru svo teknir skattar og önnur launatengd gjöld.


BOSCH Invented for life




Nú eru tilboðsdagar hjá okkur í fullum gangi.

Framúrskarandi Bosch heimilistæki og falleg gjafavara.



Kæli- og frystiskápur
KGE 36AI32
Úr stáli (kámfrír).
Orkuflokkur A+.
ChillerBox-skúffa.
LED-lýsing.
Mál: 186 x 60 x 65 sm.
Tilboðsverð: 129.900 kr.
Fullt verð: 159.900 kr.



Uppþvottavél
KGE 36AI32
Sérlega hljóðlát, 40 dB.
Orkuflokkur A++.
Sex kerfi. Hnífaparaskúffa.
Tilboðsverð: 159.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.



Töfrasproti
MSM 66020
Kraftmikill, 600 W.
Tilboðsverð: 8.900 kr.
Fullt verð: 11.700 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 – 18 og á laugardögum frá kl. 11- 16.

BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is
Sími 520 3090

Öll tilboð gilda til og með 5. september eða á meðan birgðir endast.




GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI**
**STARFSMANNI**

# MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

**Með sérstakri áherslu á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu.** Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, tölvu- og upplýsingaleikni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst: **10. sept.** • Lýkur: **10. des.** • Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**

## GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst: **1. sept.** • Lýkur: **24. okt.**
Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**

Ps Ai Id

| STÖK NÁMSKEIÐ | LENGD | VERÐ |
|---|---|---|
| WordPress – Vefurinn minn | 26 std. | 39.000 kr. |
| Photoshop 2 | 36 std. | 64.000 kr. |
| Photoshop fyrir byrjendur | 21 std. | 39.000 kr. |
| Dreamweaver HTML og CSS | 52 std. | 66.000 kr. |
| Illustrator | 36 std. | 64.000 kr. |
| InDesign | 31 std. | 59.000 kr. |
| Facebook sem markaðstæki | 7 std. | 43.000 kr. |
| Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords | 6 std. | 39.000 kr. |
| Vefgreining með Google Analytics | 6 std. | 39.000 kr. |

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst: **14. sept.** • Lýkur: **25. nóv.** • Tími: **Kvöldhópur** • Lengd: **115 std.**
Verð: **147.000 kr.**

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
*Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.*

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
*Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Wise.*

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 153398

# Kínverjar bíða með öndina í hálsinum

**Verðbréf í Kína halda áfram að lækka og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Kínverski seðlabankinn brást í gær við verðhruni hlutabréfa með því að lækka vexti um hálft prósent. Þjóðartekjur Kínverja hafa stóraukist á undanförnum árum en heildarskuldir þeirra líka.**

**KÍNA** Enn sem komið er veit enginn hvort Kína er á leiðinni inn í djúpa og langvarandi efnahagskreppu með víðtækum afleiðingum um alla heimsbyggðina.

Hlutabréfavísitalan hefur lækkað fjóra daga í röð, þar af um 7,6 prósent í gær og um rúmlega 40 prósent frá því í júní.

Kínverski seðlabankinn brást í gær við með því að lækka vexti um hálft prósent. Flest bendir til þess að bankinn muni ekki ná því markmiði sínu, að hagvöxtur í landinu verði sjö prósent þetta árið.

Áratugum saman hefur hagvöxtur í Kína verið undramikill, oft yfir tíu prósent á ári og sjaldan mikið undir tíu prósentum.

Aðeins fáeinum dögum fyrir hrunið birti breska dagblaðið The Guardian fréttir af því að Kínverjum hefði nánast tekist að útrýma allri fátækt úr þéttbýli.

Hvergi í heiminum hafi stjórnvöldum tekist að koma jafn mörgum út úr fátækt, enda hafi þjóðartekjur á mann fimmfaldast á árunum 1990 til 2000, eða úr 200 dollurum í 1.000. Og á árunum 2000 til 2010 endurtók sagan sig því þjóðartekjur á mann fimmfölduðust aftur, eða úr 1.000 dollurum í 5.000.

Þessi árangur Kínverja á stóran þátt í því hve vel gekk að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um að helminga örbirgð á jörðinni fyrir árið 2015.

Þessum mikla uppgangi hefur hins vegar fylgt gríðarleg skuldasöfnun. Á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs námu heildarskuldir Kínverja 282 prósentum af þjóðartekjum, og er þá átt við allar skuldir ríkis, fyrirtækja og heimila.

Árið 2007 námu heildarskuldirnar 158 prósentum af þjóðartekjum, og hafði þetta hlutfall því nærri tvöfaldast á sjö árum.

Mest af þessum auknu skuldum má rekja til fjárfestinga verktaka og annarra einkafyrirtækja í húsnæðisbólu síðustu ára.

Bandaríski hagfræðingurinn Kenneth Rogoff hefur skrifað bók um fjármálakreppur ásamt félaga sínum Carmen M. Reinhardt, þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að fjármálakreppur stafi almennt séð af of miklum skuldum.

Í New York Times er hann spurður hvort nú sé komið að kreppunni stóru í Kína, og svarar því til að Kínverjar eigi það mikið af dollurum að líklega geti þeir staðið þetta áfall af sér: „Ef maður þyrfti að veðja,“ sagði hann, „þá myndirðu enn veðja á það að þeir standi þetta af sér.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Atburðir síðustu mánaða á kínverska hlutabréfamarkaðnum

| 15. júní | 8. júlí | 11. ágúst | 14. ágúst | 24. ágúst | 25. ágúst |
|---|---|---|---|---|---|
| Kínversk verðbréf taka að lækka hratt í verði. | Stórum hlutafjáreigendum bannað að selja hlutafé. | Seðlabankinn lækkar gengi kínverska júansins um 1,9%. | Markaðseftirlitið skipar Verðbréfasýslu kínverska ríkisins að hætta daglegum afskiptum af markaðnum. | Shanghaí-vísitalan lækkar um 8,5%. | Kínverski seðlabankinn lækkar vexti um hálft prósent. |



Verðbréfamiðlari í Hong Kong prentar út lista yfir viðskipti dagsins. Fréttablaðið/EPA


NISSAN
Innovation that excites

NISSAN PULSAR
AFBURÐA RÚMGÓÐUR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NÝR NISSAN PULSAR
ACENTA, BENSÍN, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 5,0 L/100 KM*
3.490.000 KR.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM70479




**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

# Afkoma kúabúa versnaði til muna milli áranna 2013 og 2014

**LANDBÚNAÐUR** Hagnaður af reglulegri starfsemi kúabúa var rúmlega helmingi minni árið 2014 en árið þar áður, samkvæmt samantekt Landssambands kúabænda (LK) á afkomu 38 íslenskra kúabúa.

Birtar eru á vef LK jafnaðartölur úr rekstri búanna. Þau eru misstór og af Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Árið 2014 lögðu þau inn að jafnaði 277.000 lítra, 22.500 lítrum meira en 2013. „Minnsta búið framleiddi rétt ríflega 100.000 lítra 2014 en það stærsta rúmlega 700.000 lítra.“

Árið 2013 var að jafnaði rétt rúmlega milljón króna afgangur á fjármagnsliðum búanna, sem skýrist af endurútreikningi lána. Sé sú leiðrétting tekin út fyrir sviga verður samdráttur hagnaðar á milli ára aðeins minni, eða um 45 prósent í stað 52 prósenta. Launakostnaður jókst um 15,1 prósent. **– óká**

### Afkoma kúabúa*

| Fjármagnsliður | 2013 | 2014 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 40,0 m.kr. | 42,1 m.kr. | 5,1% |
| Breytil. kostn. | 17,3 m.kr. | 18,2 m.kr. | 5,3% |
| Annar kostn. | 15,5 m.kr. | 17,4 m.kr. | 12,1% |
| Hagnaður f. fjármagnslið | 7,2 m.kr. | 6,4 m.kr. | -10,6% |
| Fjármagnsliðir | 1,0 m.kr. | -2,5 m.kr. | -350,0% |
| Hagnaður** | 8,2 m.kr. | 3,9 m.kr. | -52,1% |

* Jafnaðartölur 38 búa. **Af reglulegri starfsemi. Heimild: Naut.is



Minnsta mjólkurbúið í 38 búa úrtaki Landssambands kúabænda framleiddi rúma 100.000 lítra á síðasta ári, en það stærsta rúma 700.000 lítra. Fréttablaðið/GVA








Á annan tug kvenna eru á lista yfir þá sem verið er að reyna að hafa samband við vegna málsins. Fréttablaðið/Pjetur

## Farbann staðfest í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær farbannsúrskurð héraðsdóms yfir karlmanni sem grunaður er um að hafa vísvitandi smitað konur af HIV-veirunni. Þetta staðfestir Þuríður Sigurjónsdóttir, lögmaður mannsins. Er manninum gert að sæta farbanni til 16. september. Áður sat hann í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni í fjórar vikur.

Á annan tug kvenna eru á lista yfir þá sem verið er að reyna að hafa samband við vegna málsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er að minnsta kosti ein kona smituð.

Lögreglan rannsakar málið í samstarfi við sóttvarnalækni. Rannsóknin snýr meðal annars að því að upplýsa hvort maðurinn hafi vitað að hann væri smitaður af veirunni og þannig vísvitandi smitað konur. **– ngy**



Rússar farga um þessar mundir miklu magni ólöglegra matvæla. NordicPhotos/AFP

## Fangelsisvist við matarsmygli

**RÚSSLAND** Tollayfirvöld í Rússlandi hafa farið fram á það að innflutningur á matvælum frá bannríkjum verði gerður refsiverður.

Ef tillagan verður samþykkt verða matvælin komin á sama válista og gereyðingarvopn og dýr í útrýmingarhættu.

Nú eru sektarheimildir vegna ólöglegs innflutnings á matvælum á bilinu 100 þúsund til 300 þúsund rúblur eða á bilinu 195 þúsund krónur til 586 þúsund krónur.

Þess í stað vilja tollayfirvöld að sektarheimildin verði upp á milljón rúblur, eða um tvær milljónir króna, og að við því liggi fangelsisvist upp á þrjú til sjö ár; tólf ára fangelsisvist ef um skipulagða smyglstarfsemi sé að ræða. **– srs**










**NÝTT INNRA RÝMI**
Þægindi og glæsileiki eru í fyrirrúmi í nýja Mazda6 með nýrri innréttingu og fyrsta flokks hljóðeinangrun.

**STERKLEGRA OG FÁGAÐRA ÚTLIT**
Glæsilega KODO hönnunin hefur verið tekin skrefinu lengra með enn sterklegra og fágaðra útliti.

**NÝTT MULTIMEDIA KERFI**
Nýtt Multimedia kerfi með 7" snertiskjá, nú fáanlegt með GPS vegaleiðsögukerfi og Íslandskorti.

**NÝ LED AÐALLJÓS**
Rennileg lýsing þökk sé nýjum aðlögunarhæfum LED aðalljósum.

**SKYACTIV SPARTÆKNI**
Sparaðu með SKYACTIV spartækni Mazda. Eyðsla frá aðeins 4,2 l/100 km. Fáanlegur fjórhjóladrifinn (AWD).

mazda

*Komdu og reynsluaktu Mazda6*

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA hjá Brimborg

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Að bera harm á torg í táraborg



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Allt fer í hringi. Rúllukragapeysur eru komnar aftur í tísku, neonlitir líka, líklega styttist í að greitt verði í píku, fyrrum sveitarstjóri sem barðist hvað harðast fyrir stóriðju í sveitarfélaginu sem hann stjórnaði er kominn í vinnu hjá fyrirtækinu sem ætlar að reisa stóriðju í sveitarfélaginu sem hann stjórnaði, foreldrar kvarta yfir kostnaði við skólavist sem við annars gumum af að sé ókeypis og bílaeigendur kvarta yfir því að geta ekki lagt bílum sínum hvar sem þeim sýnist án þess að fá sekt.

Árviss endurtekning, sumpart, í öðrum tilvikum þarf lengri tími að líða áður en við föllum aftur í hið gamla og kunnuglega far. „Látum oss hengja þá alla," hrópaði útfararstjórinn í Ranglátа dómaranum, en áttaði sig ekki á því að það var ekki Lukku Láki sem réttað var yfir heldur hann sjálfur og kumpánar hans. „Vald vanans" var hans afsökun og ægivald hans getur steypt öllu í sama mót. Og eins og eftir skrifuðu handriti skellum við okkur hvert í viðeigandi hlutverk og tökum þátt í leiknum.

Það eina sem breytist er að við þurfum sífellt að grípa til sterkara líkingamáls, öskra hærra, slá meira um okkur. Annars hlustar enginn. Íbúar miðborgarinnar voru teknir í gíslingu, segir Félag íslenskra bifreiðaeigenda um Menningarnótt. Búandi þar kom þetta mér nokkuð á óvart, það er þá versta gíslataka sögunnar. Svo auðvelt var að rjúfa hana að ekki gafst tími til að þróa með sér Sigtunaheilkenni, hvað þá Stokkhólmsheilkenni. Flóttinn mikli úr miðborgargíslingunni fór þannig fram að flóttafólkið settist upp í bíl og keyrði í burtu á meðan vingjarnlegt björgunarsveitarfólk veifaði brosandi.

Og auðvitað vita þetta allir sem vita vilja. Þeir sem tjá sig um málið ættu að minnsta kosti að hafa aflað sér þeirra upplýsinga að hægt var að aka úr miðborginni, en umferð í hana bönnuð. Og þarf það virkilega lengur að koma á óvart að ef þú leggur bílnum þínum þar sem þér sýnist eru umtalsverðar líkur á því að þú fáir sekt? En gísling skal það heita, því það er gífuryrði og gífuryrði selja.

Þetta heggur í sama knérunn og þeir ótilgreindu kaupmenn sem telja það skilja á milli feigs og ófeigs í rekstri verslunar í miðborginni að þessi örfáu bílastæði við Laugaveg séu brúkleg.

Við erum bílaþjóð. Við gerum grín að hugmyndum um léttlestir og sporvagna og stóra strætisvagna á sérakreinum (Bus Rapid Transit). Þetta gengur aldrei, hnussum við og sættum okkur við að bíða í röð á rauðu ljósi á eftir hinum fíflunum og ekki einu sinni hinn nýsjötugi Maggi Eiríks fær okkur til að fara í strætó þrátt fyrir áratuga gamla lýsingu á biðinni.

Og svo kvörtum við. Kveinum. Tökum andköf. Nákvæmlega eins og gert er í þessum pistli. Við berum harm okkar á torg í táraborg, þó Megas hafi einmitt sagt okkur að gera það ekki.

**Svo auðvelt var að rjúfa hana að ekki gafst tími til að þróa með sér Sigtunaheilkenni, hvað þá Stokkhólmsheilkenni.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ráðinn til PCC**
**Bergur Elías Ágústsson, fyrrverandi sveitarstjóri Norðurþings, hefur verið ráðinn til þýska fyrirtækisins PCC sem áformar að reisa kísilver á Bakka, í sveitarfélaginu Norðurþingi. Bergur Elías gerði allt sem í hans valdi stóð til þess að framkvæmdin yrði að veruleika. Hundruð milljóna af skattfé eru áformuð í ívilnanir svo að af þessu megi verða. Ívilnanirnar úr hendi allra skattborgara snúast meðal annars um gerð jarðganga, framkvæmdir við lóð PCC og stækkun Húsavíkurhafnar. Þetta eru staðreyndir málsins.**

**Er von þó menn spyrji?**
**Það sem hins vegar er hulið skattborgurum er hvenær þessi ákvörðun var tekin. Var hún tekin fyrir nokkru síðan, nokkrum árum jafnvel, eða kom þetta kostatilboð á borð Bergs Elíasar skyndilega upp nú á síðsumarmánuðum? Svo má vel vera, en í ljósi sögunnar er eðlilegt að skattborgarar þessa lands spyrji sig þeirrar spurningar.**

**Ekki í fyrsta skipti?**
**Það sem einnig er áhugavert er að þetta er ekki í fyrsta sinn sem fyrrverandi bæjarstjóri sveitarfélags er ráðinn til stórfyrirtækis sem áformar uppbyggingu í sveitarfélaginu. Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri Fjarðabyggðar, var árið 2007 ráðinn til Fjarðaáls. sveinn@frettabladid.is**

# Kjaramál eru mannréttindamál



Guðjón Sigurðsson
formaður MND félagsins

Að lifa eða lifa af er tvennt ólíkt. Stundum fær maður á tilfinninguna að stjórnvöld reikni með það að lifa af sé fullnægjandi aðstæður fyrir hluta þjóðarinnar. Ekki er staðið við gerða samninga um hækkun bóta eða samning um réttindi fatlaðs fólks sem skrifað var undir 2007. Þó einstaklingar séu almennt ekki að drepast úr hor hér á landi þá eru margir bótaþegar ansi nálægt því. Fólk bjargar sér og lifir af.

**Að lifa er að geta valið**

En það er krafa okkar Íslendinga að geta lifað í þessu frábæra landi. Að lifa er að mínu mati það að geta valið. Það að börnin mín geti stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Að eiga fyrir fjölbreyttum næringarríkum mat alla daga. Að eiga fyrir lyfjum. Að geta leitað mér læknisaðstoðar. Að eiga fyrir skólabókum og öðru sem börn þurfa í skólann. Auk annars sem nánast telst eðlilegt fyrir flesta. Það eru mannréttindi.

Eitt er að fá það sem yfirvöld telja til lágmarksframfærslu og hitt er svo gleði yfirvalda við að hækka hlut notenda við allt og ekkert. Hlutur sjúklinga við lyf hækkar, að leita sér lækninga hækkar og síðast en ekki síst okkar hlutur við útvegun lífsnauðsynlegra hjálpartækja fyrir okkur sem viljum lifa. Auðvitað gætum við lagst í bælið og lifað af, en þar skilur á milli vilja míns og vilja yfirvalda. Ég vel lífið.

**Fækka til að gera betur**

Minn draumur og ósk er um samvinnu við stjórnvöld til að fækka þeim sem þurfa bætur svo betur megi gera við þá sem geta ekki annað en verið á bótum. Þar er fyrst og fremst að gera raunverulegt átak í vinnu fyrir alla, hlutastörfum verður að fjölga, endurmenntun verður að vera fjölbreytt og að veita okkur tækifæri til þátttöku í lífinu.

Innleiðum/lögleiðum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það er grunnurinn að svo mörgu. Meðal annars að við fáum tækifæri til sjálfstæðs lífs.

Lifið heil.

**Innleiðum/lögleiðum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**

COPENHAGEN
Candle Company
ilmvörur í miklu úrvali
Ilmkerti 2.653 kr. ~~3.790 kr.~~
Ilmstrá 2.793 kr. ~~3.990 kr.~~





HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Erla Björg Gunnarsdóttir erla@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

MENNTAMÁL

# Menntamálastofnun



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Undanfarið hafa rektor og aðrir starfsmenn Háskólans á Akureyri gagnrýnt greiningu Menntamálastofnunar á árangri nemenda sem stundað hafa nám í skólum sem kenna samkvæmt aðferðum byrjendalæsis. Hafa þeir borið brigður á niðurstöður Menntamálastofnunar og sakað stofnunina um að ganga fram í samkeppni við Háskólann á Akureyri. Menntamálastofnun fagnar því að rýnt sé í þau gögn og greiningu sem stofnunin leggur fram. Jafnframt hvetur stofnunin aðra til að leggja fram gögn og rannsóknir sem hægt væri að nota til samanburðar. Því fer hins vegar fjarri að Menntamálastofnun sé stefnt gegn háskólum og öðrum sem vinna að skólaþróun. Þvert á móti er henni ætlað að eiga samstarf við þá og veita þeim sem og öðrum aðgang að gögnum sem nýta má til rannsókna og þróunar.

Menntamálastofnun var sett á fót með lögum sem Alþingi samþykkti þann 1. júlí síðastliðinn. Hún tekur m.a. við verkefnum Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Stofnunin er „... stjórnsýslustofnun á sviði menntamála sem stuðla skal að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.“ Menntamálastofnun hefur víðtækt hlutverk sem felst meðal annars í því að annast söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál og að hafa eftirlit með og meta árangur af skólastarfi. Stofnuninni er einnig ætlað að veita stjórnvöldum, fagaðilum og almenningi upplýsingar og leiðbeiningar um málefni á sínu verksviði.

Til þess að sinna sem best hlutverki sínu leggur Menntamálastofnun áherslu á að gera gögn aðgengileg fyrir stjórnvöld, skóla og almenning þannig að þau nýtist sem flestum til upplýstrar ákvarðanatöku varðandi menntun. Einnig vill stofnunin gjarnan eiga samstarf við háskóla og rannsóknarstofnanir hérlendis sem erlendis um að nýta þau gögn sem hún hefur aflað með prófum og þátttöku í alþjóðlegum könnunum svo sem PISA. Í því skyni verður í október næstkomandi opnuð rafræn gátt þar sem meðal annars verður hægt að nálgast niðurstöður samræmdra prófa á aðgengilegan hátt.

**Þarfir nemenda**

Nýlega var Menntamálastofnun falið að fylgja eftir aðgerðum til eflingar læsis sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur haft frumkvæði að. Hafa sveitarstjórnir lýst yfir vilja til samstarfs um verkefnið og að undirrita með ráðherra Þjóðarsáttmála um læsi. Til þess að sinna þessu verkefni hafa verið ráðnir til Menntamálastofnunar ráðgjafar sem hafa það hlutverk að leiðbeina um notkun prófa og gagnreyndra aðferða til eflingar læsis. Ráðgjafarnir munu meðal annars leiðbeina skólastjórnendum, kennurum og foreldrum um hvernig megi nýta niðurstöður skimunarprófa til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Það er síðan skólastjórnenda og kennara að taka faglega afstöðu til þess hvaða aðferðir stuðla best að því að nemendur nái árangri.

Menntamálastofnun hefur nú birt á vef sínum svör við athugasemdum sem Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri setti fram við greiningu stofnunarinnar á byrjendalæsi. Jafnframt hefur Menntamálastofnun gert aðgengileg gögn um niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk eftir skólum sem auðvelda öðrum að leggja mat á greiningu stofnunarinnar. Hvetur Menntamálastofnun Háskólann á Akureyri og aðra aðila til að leggja fram frekari gögn þannig að hægt sé að taka upplýsta afstöðu til ólíkra aðferða við lestrarkennslu.

**Besta mögulega menntun**

Kjörorð Menntamálastofnunar er að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar. Til að svo megi verða þarf að byggja á áreiðanlegri þekkingu og sem víðtækastri samvinnu allra sem láta sig menntun varða. Að því vill Menntamálastofnun stuðla.



**Menntamálastofnun fagnar því að rýnt sé í þau gögn og greiningu sem stofnunin leggur fram.**


# Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Fimmtudaginn 27. ágúst
kl. 17:30 í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Á SÍÐASTA FUNDI VAR HÚSFYLLIR Í HEILSUBORG
EKKI!
MISSA AF ÞESSU

Heilsulausnir – léttara líf hefst 31. ágúst.

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 6:20,12:00 eða 19:30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# KRAFTUR

STUÐNINGUR • SAMVINNA

www.kraftur.org

Aðalblikk
Aðalvík
Aflbinding
Arason ehf
Ari Oddsson ehf
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
Arnardalur sf
Austfjarðaflutningar ehf
Á Guðmundsson
Ásahreppur
Ásbjörn Ólafsson ehf
B & B Guesthouse
B. Hreiðarsson ehf
B.V.T. ehf
Bakkaverk ehf
Bati - sjúkraþjálfun ehf
Baugsbót ehf
Betra bros ehf
Betra líf - Borgarhóll ehf
Betri bílar ehf
Bílaklæðningar hf

Bílasmiðurinn hf
Bílrúðuþjónustan ehf
Bjarni Þorsteinsson
Blaðamannafélag Íslands
Blikkform ehf
Blikkrás ehf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Brimberg ehf
Bu.is ehf
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar
Búnaðarsamband Húnaþings
og Stranda
Byggðasafnið Skógum
Byggðaþjónustan ehf
Dalakofinn sf
Danfoss hf
Danica sjávarafurðir ehf
DMM Lausnir ehf
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf

Einar Jónsson Skipaþjónusta
Eldvarnarþjónustan ehf
Elísa Guðrún ehf
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Ennemm ehf
Erpur ehf
Esjar ehf
Evrópulög ehf
Fagval ehf
Fagverk verktakar sf
Falleg gólf ehf - parketþjónusta
Fasteignasalan Ásberg ehf
Fasteignasalan Garður ehf
Fastus ehf
Faxaflóahafnir sf
Ferðaskrifstofa Austurlands
Ferðaþjónusta bænda Ytra-
Álandi Ferli ehf
Félag opinberra starfsm Suðurl
Fiskbúð Hólmgeirs ehf
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Fiskmarkaðurinn ehf

Fjarðaþrif ehf
Fjöl-Smíð ehf
Flóahreppur
Frár ehf
Frostfiskur ehf
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Fröken Júlía ehf
FS flutningar ehf
Funi ehf
Fögrusteinar ehf
G.S.múrverk ehf
Gallabuxnabúðin
Garðabær
Garðyrkjustöðin Varmalandi
Gesthús Selfossi ehf
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Glertækni ehf
Glófaxi ehf
Grunnslóð ehf
GT Tækni ehf
Gufuhlíð ehf
H. Jacobsen ehf

Hafgæði sf
Halldór Ólafsson ehf
Happdrætti Háskóla Íslands
HBTB ehf
Heilsustofnun N.L.F.Í
Helgi Björnsson
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hitaveitufélag Gnúpverja ehf
Hótel Djúpavík ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hraungerði ehf
Hreinsitækni ehf
Húnavatnshreppur
Húsalagnir ehf
Hveragerðiskirkja
Höfðakaffi ehf
Iceland Seafood ehf
Ingibjörg ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
J. S. Gunnarsson hf

J.K.Lagnir ehf
Jeppasmiðjan ehf
K.Pétursson ehf
K.S. Málun ehf
K.Þ. Verktakar ehf
Kjöthöllin ehf
Kjötpól ehf
Klausturkaffi ehf
Kleifarás dreifing ehf
Kolibri ehf
Krappi ehf
KRAUM ehf
Kristinn J Friðþjófsson ehf
Kristján F Oddson ehf
Kristján G. Gíslason ehf
Kvenfélag Skaftártungu
Kvenfélagið Bergþóra
Kvenfélagið Hallgerður
Kvenfélagið Sigurvon
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf
Landssamband lögreglumanna

VÍNBÚÐIN
BATIK Fatnaður og Merkingar
BÍLRÚÐU-ÞJÓNUSTAN ehf Sími 421 7879 & 863 3455
Brostu
ICEWEAR ICELAND www.icewear.is
FLÚÐA SVEPPIR
HB GRANDI
Roche
FRÍHÖFNIN

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, þakkar öllum þeim 113 hlaupurum sem ákváðu að setja krafta sína í Reykjavíkurmaraþonið í þágu félagsins.

Innilegar þakkir fyrir stuðninginn kæru hlauparar og þið hin sem tókuð þátt í að hvetja hlauparana okkar til dáða á laugardaginn. Sömuleiðis þökkum við öllum þeim sem gerðu okkur kleift að birta þessi þakkarorð.

---

Ykkar stuðningur er okkar **KRAFTUR**

---

Launafl ehf
Litla Bílasalan ehf
Loftstokkahreinsun ehf
LOG lögmannsstofa sf
Logey ehf
Löndun ehf
Margt smátt ehf
Martec ehf
Melshorn ehf
Merking ehf
Miðstöð ehf
Miðstöðin Vestmannaeyjum
Múr og meira ehf
Mýrdælingur ehf
Navi ehf
Nethamar ehf
Nonni litli ehf
Norm X ehf
Nostra ræstingar ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífs
Nýþrif ehf
Orka ehf

Orkuvirki ehf
Ós ehf
Papyrus innrömmun
Pixel ehf Brautarholti
Poulsen ehf
Prikið ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafgeymasalan ehf
Rafha ehf
Rafís ehf
Rafkul ehf
Rafmiðlun hf
Rafsel Búðardal ehf
Rafsetning ehf
Rafsvið sf
Ragnar V. Sigurðsson ehf
Rangá sf
Ráðgjafar ehf
Reykjabúið hf
Reykjavíkurborg
Rikki Chan
RJ Verkfræðingar ehf

Runólfur Hallfreðsson ehf
Samhentir - kassagerð ehf
Samiðn
Samvirkni ehf
Sálarrannsóknarfélag Reykjavík
Sérverk ehf
SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Sigurjón Arnlaugsson ehf
SÍBS
Silfell ehf
Sjóklæðagerðin hf
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Sjúkraþjálfun Georgs
Skarðsvík ehf
Skjólskógar á Vestfjörðum
Skóbúð Húsavíkur ehf
Skólar ehf
Skólavefurinn ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Smurstöð Akraness sf.

Spennubreytar
Stansverk ehf
Stefna ehf
Steinunn hf
Stólpi-gámar ehf
Straumnes ehf
Svanur Ingimundarson málaramr.
Sæbúð ehf
Sæli ehf
Söluturninn Smári
Tandraberg ehf
Tannbogi ehf
Tannlæknast. Friðgerðar
Samúelsd. ehf
Tannlæknast. Ólafur Páll
Tannlæknast. Sigurðar Björgvinssonar
Reykjavík Tannlækningar ehf
Tindur ehf
Tjaldstæðið Langbrók
Tort ehf

Tónheimar ehf
Tónsport ehf
Tréverk ehf
Umbúðamiðlun ehf
Ungmennafélagið Ármann
Vagnar og þjónusta ehf
Veiðivon
Verkalýðsfélag Akraness
Verkstjórafélag Vestfjarða
Vermir sf
Verslun Haraldar Júlíussonar
Verslunartækni ehf
Verzlunarskóli Íslands
Vesturferðir ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vélaverkstæði Skagastranda
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Vitatorgi 5 245 Sandgerði
Vélsmiðjan Ásverk ehf
Vélsmiðjan Harka hf
Vélsmiðjan Sveinn ehf

Vélvirki ehf
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf
Vignir G. Jónsson hf
Vísir hf
Vopnafjarðarhreppur
VSB verkfræðistofa ehf
VSÓ-Ráðgjöf ehf
Vökvatæki ehf
Yndisauki ehf
Yogastöðin Heilsubót
Yrki arkitektar ehf
Þokki ehf
Þorbjörn hf
Þórarinn G. Valgeirsson
Þvottahúsið Faghreinsun/
Kolbakur ehf
Æco bílar ehf
Ævintýradalurinn ehf
Ögurvík hf
Örninn Hjól ehf
Öryggisgirðingar ehf

## Blikastúlkur vantar bara einn sigur í viðbót til að tryggja sér titilinn



**Þrenna** Blikinn Fanndís Friðriksdóttir er komin með 18 mörk í sumar eftir að hún skoraði þrjú mörk í stórsigri á Val í gær. Fréttablaðið/Andri Marinó

# Vonandi meira í framtíðinni

**Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, var ánægður með styrk ríkisstjórnarinnar í gær. Það kostar KKÍ 40 milljónir króna að senda landsliðið á EM og sambandið er að verða búið að safna fyrir kostnaðinum.**

**KÖRFUBOLTI** „Allur svona stuðningur skiptir miklu máli og við erum afar þakklátir ríkisstjórninni fyrir þennan stuðning,“ segir Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, en það var stór dagur hjá Körfuknattleikssambandinu í gær.

Þá var tilkynnt hvaða tólf leikmenn munu verja heiður Íslands á fyrsta stórmótinu sem körfuboltalandsliðið kemst á. Ísland mun hefja leik á EM í Berlín þann 5. september. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra mætti á fundinn og tilkynnti um styrk frá ríkisstjórninni til KKÍ vegna verkefnisins.

„Þetta er líka viðurkenning fyrir það starf sem við höfum verið að vinna á undanförnum árum. Sigmundur hefur orðið var við á ferðum sínum erlendis að menn eru að tala um þennan árangur körfuboltaliðsins og annan íþróttaárangur Íslendinga. Ég held að stjórnvöld séu farin að átta sig á því hversu mikil landkynning íþróttafólkið okkar er.“

Styrkur ríkisstjórnarinnar er upp á 7,5 milljónir króna en er þá búið að brúa bilið og ljóst að KKÍ kemur ekki út í tapi á þessu verkefni sem kostar um 40 milljónir króna?

„Ég hugsa að við töpum ekki peningum á þessu ári en það er ekki alveg búið að brúa bilið. Þetta fer langleiðina með að brúa bilið fyrir þetta verkefni.“

Hannes er einn fárra í íþróttahreyfingunni sem hefur verið óhræddur við að gagnrýna stjórnvöld fyrir lítinn stuðning við íþróttahreyfinguna. Hann var loksins bænheyrður í gær. Að einhverju leyti að minnsta kosti.

„Ég er mjög ánægður að sjá þennan stuðning í dag en þetta er það sem ég vil sjá almennt í íþróttahreyfingunni. Eins og forsætisráðherra talaði um þá er þetta eitthvað sem hann vonast til að geta gert áfram á næstu árum. Ég vona að við eigum eftir að sjá enn frekari stuðning við okkur og íþróttahreyfinguna á komandi árum,“ segir Hannes en trúir hann því að forsætisráðherra muni standa við orð sín á fundinum á næstu árum?

„Eigum við ekki að segja það. Þetta er góður dagur og þá á maður að vera jákvæður. Ég treysti því.“

Fyrir utan þessar 7,5 milljónir króna frá ríkisvaldinu þá hefur hreyfing sem kallar sig Körfuboltafjölskylduna safnað 6 milljónum króna. Afrekssjóður ÍSÍ styrkti verkefnið um 12 milljónir króna og einnig koma peningar frá samstarfsaðilum. Þeir eru margir sem vilja KKÍ og landsliðinu vel í aðdraganda mótsins.

„Körfuboltafjölskyldan er ekki hætt og það er frábært. Þessi stuðningur mun vonandi koma til með að vera á næstu árum hjá okkur sem er frábært. Það eru góðir tímar fram undan í íslenskum körfubolta. FIBA Europe og Eurobasket taka þátt í hluta af hótelkostnaði okkar í Berlín. Ég verð að viðurkenna að ég var að vonast eftir meiri stuðningi þar enda eru miklir peningar í evrópskum körfubolta. Þeir lofa meiri stuðningi árið 2017 og við verðum þá bara að koma okkur á það mót,“ sagði formaðurinn brosmildur.

henry@frettabladid.is



**Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, körfuknattleikssamband Íslands**

### EM-hópur Íslands

| | |
|---|---|
| **Bakverðir** | |
| Jón Arnór Stefánsson | 33 ára |
| Pavel Ermolinskij | 28 ára |
| Hörður Axel Vilhjálmsson | 27 ára |
| Jakob Örn Sigurðarson | 33 ára |
| Logi Gunnarsson | 34 ára |
| Martin Hermannsson | 21 árs |
| Ægir Þór Steinarsson | 24 ára |
| **Framherjar** | |
| Haukur Helgi Pálsson | 23 ára |
| Helgi Már Magnússon | 33 ára |
| Axel Kárason | 32 ára |
| **Miðherjar** | |
| Hlynur Bæringsson | 33 ára |
| Ragnar Nathanaelsson | 24 ára |

Ert þú með **verki**?

**Stoðkerfislausnir**

Henta þeim sem eru með verki eða önnur einkenni frá stoðkerfi, vilja læra á sjálfa sig og finna sín mörk í hreyfingu. Þátttakendur fara í einstaklingsviðtal til sjúkraþjálfara í upphafi.

8 vikna námskeið hefjast 31. ágúst og 1. sept.
2 x í viku: **Þri. og fim. kl. 17.30**
3 x í viku: **Mán., mið. og fös. kl. 15.00**
Framhaldsnámskeið: **Þri. og fim. kl. 16.30**



Þjálfarar: Arna Steinarsdóttir og Audrey Freyja Clarke sjúkraþjálfarar

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Víkingur 1–0 ÍBV**
1-0 Andri Rúnar Bjarnason (90.+3).
Varamaðurinn Andri Rúnar Bjarnason tryggði Víkingum öll þrjú stigin í uppbótartíma og fór um leið langleiðina með því að tryggja Víkingum áframhaldandi sæti í deildinni. Víkingar fóru upp í 6. sæti og eru sjö stigum frá fallsæti.

**Keflavík 0–1 KR**
0-1 Pálmi Rafn Pálmason (71.).
Pálmi Rafn Pálmason tryggði KR sigur í Keflavík og KR-ingar eru áfram með í titilbaráttuni nú fimm stigum á eftir toppliði FH. Keflvíkingar eru átta stigum frá öruggu sæti þegar fimm umferðir eru eftir.

**Mikið er örugglega leiðinlegt að vera frá Kenýa og vera ekki góður í langhlaupum!**

Guðmundur Hólmar Helgason
**@gummiholmar**

**Pepsi-deild kvenna**

**Breiðablik 6–0 Valur**
1-0 Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir (3.), 2-0 Fanndís Friðriksdóttir (43.), 3-0 Fanndís Friðriksdóttir (56.), 4-0 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (59.), 5-0 Fanndís Friðriksdóttir (89.), 6-0 Svava Rós Guðmunsdóttir (90.+2).
Breiðablik vann tólfta sigurinn í röð og er áfram með sjö stiga forskot á toppnum. Blikar hafa ekki fengið á sig mark í 1.100 mínútur í Pepsi-deildinni.

**Þór/KA 0–4 Stjarnan**
0-1 Sjálfsmark (8.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (44.), 0-3 Francielle (63.), 0-4 Rúna Sif Stefánsdóttir (69.).
Stjarnan er ekki búin að gefast upp í baráttunni um að verja titilinn og urðu þær fyrstar til að vinna Þór/KA fyrir norðan í sumar.

**Þróttur 2–3 KR**
1-0 Valgerður Jóhannsdóttir (7.), 1-1 Chelsea A. Leiva (22.), 2-1 Eva Þóra Hartmannsdóttir (49.), 2-2 Sjálfsmark (57.), 2-3 Hulda Ósk Jónsdóttir (64.). Þróttur er fallið í 1. deild.

**Afturelding 1–3 Selfoss**
0-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (20.), 1-1 Elise Kotsakis (36.), 1-2 Magdalena Anna Reimus (63.), 1-3 Dagný Brynjarsd., víti (90.)

**KÁRI ÁRNA Í MEISTARADEILDINA**
Kári Árnason og félagar í sænska liðinu Malmö slógu í gær skoska liðið Celtic út úr umspili Meistaradeildarinnar í fótbolta og verða því með í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á þessu tímabili. Malmö vann seinni leikinn 2-0 á heimavelli sínum og þar með 4-3 samanlagt. Kári skapaði alltaf usla í hornspyrnum sænska liðsins og bæði mörkin komu einmitt eftir horn.



Birkir Bjarnason og félagar í svissneska liðinu Basel duttu aftur á móti út á færri mörkum skoruðum á útivelli. Malmö var eitt af fimm liðum sem komust í riðlakeppnina í gær en hin voru Maccabi Tel Aviv frá Ísrael, Dinamo Zagreb frá Króatíu, Valencia frá Spáni og Shakhtar Donetsk frá Úkraínu.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | Barnsley - Everton | Sport2 |
| 18.45 | Club Brugge - Man. United | Sport |
| 18.45 | Leverkusen - Lazio | Sport 3 |
| 18.45 | CSKA Moskva - Sporting | Sport 4 |
| 18.00 | ÍBV - Fylkir | Hásteinsvöllur |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. ágúst 2015 | 18. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## Samfélagsmiðlar nýr heimur í markaðsstarfi

→ **Samfélagsmiðlar hafa breytt miklu fyrir ferðaþjónustuna.**

→ **Erfitt getur verið fyrir fyrirtæki að finna sína eigin rödd á netinu.**

→ **Fyrirtæki komin með eigin fjölmiðla á Snapchat.**

SÍÐA 6

NORDIPPHOTOS/GETTY

## Gefur út sinn fyrsta tölvuleik

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Radiant Games gaf í gær út sinn fyrsta tölvuleik. Börn eiga að geta lært að forrita með leiknum Box Island. „Við þurfum að skilja betur hvernig tölvur virka og miklu fyrr,“ segir Vignir Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins Radiant Games. Hann segir að forritun skipti gríðarlega miklu máli. Það megi færa sterk rök fyrir því að forritun sé læsi 21. aldar.



→ SÍÐA 2

## Olían áfram nauðsynleg

Svæðisstjóri hjá bandarísku orkustofnuninni BOEM segir olíuvinnslu vera nauðsynlega næstu áratugi þar til betri orkugjafar finnist. „En nú þurfum við að vinna olíu og gas með ábyrgum hætti gagnvart umhverfinu,“ segir James Kendall. Hann segir að vonin sé að með tímanum verði hægt að færa sig frá jarðefnaeldsneyti til endurnýjanlegra orkugjafa.

→ SÍÐA 4

## Hagræðingin heldur áfram

Hagnaður Íslandsbanka á fyrri helmingi ársins nam tæplega 11 milljörðum króna. Hagnaðurinn dregst saman milli ára vegna þess að tekjur af einskiptisliðum eru minni í ár en þær voru í fyrra. Áfram verður unnið að því að bæta grunnreksturinn. „Launakostnaður stendur í stað og mun bankinn halda áfram að vinna að hagræðingaraðgerðum til kostnaðarlækkunar,“ segir Birna Einarsdóttir bankastjóri.



→ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN** @stjornarmadur

Ljóst er að Kínakrísan hefur áhrif víða um heim og kemur við kaunin á helstu viðskiptalöndum Íslands. → SÍÐA 12



# Kvef eða lungnabólga?

Skjóðan



**JACK** Lew, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, var á fundi hjá Brookings-stofnuninni í Washington í síðasta mánuði, en stofnunin er virt hugveita (think tank) á sviði efnahags- og stjórnmála vestra. Lew var m.a. spurður um möguleg áhrif sem fjármálakreppan í Kína gæti haft á markaði í Bandaríkjunum.

**BLOOMBERG**-fréttastofan greindi frá því að ráðherrann hefði ekki miklar áhyggjur af því að markaðsórói og lækkun á mörkuðum í Kína kynni að smitast til annarra markaða og taldi Bandaríkin í góðu skjóli.

**„MARKAÐIR** í Kína eru tiltölulega aðskildir frá heimsmörkuðum. Tengingin er að aukast en í augnablikinu eru tengslin ekki mikil.“ Ráðherrann bætti við: „Þannig að þið munið ekki sjá nein bein áhrif eða tengsl hér. Ég held að við ættum frekar að hafa áhyggjur, og það raunverulegar áhyggjur, af því hvaða áhrif þetta muni hafa á hagvöxt í Kína til lengri tíma.“

**SVO** mörg voru þau orð. Frá því þau féllu hafa vandræði Kínverja ágerst og stjórnvöld hafa fellt gengi júans um tæp 5 prósent gagnvart Bandaríkjadollar á einum mánuði til aðstoðar útflutningsgreinum án þess að slíkt hafi róað markaði. Þar til fyrir mánuði hafði júan verið hægt og rólega stígandi gagnvart dollar mörg undanfarin ár.

**Í SHANGHAÍ** hafði hlutabréfavísitalan lækkað á mánudag um tæp 20 prósent á einni viku og þar af um 8,5 prósent aðeins á mánudag. Frá miðjum júní hafði vísitalan lækkað um næstum 40 prósent og á mánudag var gildi hennar komið undir áramótagildið.

**TENGING** Kína við heimsmarkaði er miklu meiri en bandaríski fjármálaráðherrann taldi í síðasta mánuði. Hlutabréfamarkaðir á Vesturlöndum hríðféllu alla síðustu viku og á mánudag lækkuðu þeir mikið.

**KÍNA** er orðið órjúfanlegur hluti af heimsmörkuðum og á það við bæði verðbréfa- og hrávörumarkaði. Lækkun hlutabréfa í Kína stafar af því að dregið hefur úr eftirspurn í kínverska hagkerfinu að undanförnu, eða eftirspurnin ekki aukist eins mikið og markaðir reiknuðu með.

**ÞETTA** hefur áhrif um allan heim, líka hér á Íslandi. Minnkandi eftirspurn eftir t.d. áli í Kína hefur áhrif hér á landi. Íslenskir lífeyrissjóðir eru stærstu fjárfestar á íslenskum hlutabréfamarkaði auk þess að eiga umtalsverðar eignir í erlendum verðbréfum. Ekki er óvarlegt að áætla að stórfelldar lækkanir á heimsmörkuðum vegna ástandsins í Kína hafi rýrt eignir íslenskra lífeyrissjóða um marga tugi milljarða.

**EINU** sinni var sagt að þegar Bandaríkin hnerruðu fengi heimurinn kvef. Nú á tímum má yfirfæra þetta á Kína og vonandi er það einungis kvefpest sem hrjáir kínverska hagkerfið en ekki lungnabólga eða eitthvað þaðan af verra.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**7** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

NÝHERJI
137,5% frá áramótum

SJÓVÁ
5,8% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

TM
-19,8% frá áramótum

ÖSSUR
-5,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 25,0% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 7,12 | 4,7% | 2,4% |
| Eimskipafélag Íslands | 233,00 | -1,7% | -2,5% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 42,95 | 22,7% | 7,2% |
| Hagar | 37,10 | -8,3% | -4,9% |
| HB Grandi | 38,30 | 13,3% | -2,8% |
| Icelandair Group | 27,80 | 29,9% | 4,3% |
| Marel | 192,50 | 39,5% | -3,3% |
| N1 | 41,70 | 79,7% | -2,6% |
| Nýherji | 12,30 | 137,5% | -3,1% |
| Reginn | 15,85 | 17,0% | 1,6% |
| Reitir* | 71,70 | 12,3% | 1,4% |
| Sjóvá | 12,38 | 3,6% | 5,8% |
| Tryggingamiðstöðin | 21,10 | -19,8% | 1,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,62 | -4,8% | 1,7% |
| Össur | 470,00 | 30,2% | -5,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.491,33 | 13,8% | -4,5% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 27,00 | 19,5% | -1,1% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).








**FORRITAÐ** Box Island kemur til að byrja með einungis út á Íslandi. MYND/RADIANT GAMES

# Vilja kenna krökkum að forrita

*Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Radiant Games gaf í gær út sinn fyrsta tölvuleik, Box Island, sem á að kenna krökkum að forrita. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir mikilvægt að börn læri ung að forrita.*

„Við þurfum að skilja betur hvernig tölvur virka og miklu fyrr,“ segir Vignir Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins Radiant Games sem í gær gaf út sinn fyrsta tölvuleik, forritunarleikinn Box Island sem kenna á krökkum, átta ára og eldri að forrita.

„Forritun skiptir gífurlega miklu máli, það má færa mjög sterk rök fyrir því að forritun sé læsi 21. aldarinnar. Rannsakendur frá Oxford-háskóla spá því að 45 prósent af störfum verði orðin sjálfvirk á innan við 20 árum,“ segir hann.

Leikurinn á ævintýraeyjunni Box Island þar sem spilarar fylgja aðalsöguhetjunni Hero. „Krakkar þurfa að beita grunngildum forritunar og forrita hvaða leið Hero þarf að fara til að komast áfram,“ segir Vignir.

Box Island verður til að byrja með aðeins aðgengilegur á Íslandi en Vignir segir að með haustinu verði leikurinn gefinn út á erlendri grundu. „Markmiðið hefur alltaf verið að búa til besta leikinn á heimsvísu sem kynnir grunngildi forritunar fyrir krökkum,“ segir hann. Þeim hafi þótt umfjöllun og efni um forritun fyrir börn vera ábótavant. Okkur fannst gæðin á þeirri afþreyingu og þeim leikjum sem voru til á heimsvísu ekki nægjanlega mikil.“

Leikurinn kemur út á íslensku sem Vignir segir afar mikilvægt. „Íslenska skiptir máli í svona heilabrjót. Það getur verið aukaflækja að þýða alltaf enskuna fyrir þann sem er kannski ekki alveg kominn með fullt vald á ensku.“

Hann segir kennara hafa sýnt leiknum áhuga og á næstunni sé stefnt að því að skoða hvernig leikurinn geti nýst við kennslu í skólum. Til að byrja með verði horft á almennan markað.

Radiant Games fékk 12,5 milljóna króna árlegan styrk til þriggja ára úr Tækniþróunarsjóði til að vinna að leiknum.

ingvar@frettabladid.is



> Forritun skiptir gífurlega miklu máli, það má færa mjög sterk rök fyrir því að forritun sé læsi 21. aldarinnar.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST**
**Þjóðskrá Íslands – Fjöldi útgefinna vegabréfa**
**Hagstofa Íslands – Vinnumarkaðurinn í júlí 2015**
**Arion banki birtir uppgjör fyrir 2. ársfjórðung 2015**
**Síminn – Birting uppgjörs fyrir fyrstu sex mánuði ársins**
**Eimskip – Birting uppgjörs fyrir fyrstu sex mánuði ársins**
**Sjóvá – Uppgjör annars ársfjórðungs**

**FIMMTUDAGUR 27. ÁGÚST**
**Reykjavíkurborg – Birting ársreiknings fyrir fyrstu sex mánuði ársins**

**FÖSTUDAGUR 28. ÁGÚST**
**Spölur – Birting uppgjörs fyrir fyrri helming ársins**
**Byggðastofnun – Birting árshlutauppgjörs**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Milljóna viðskipti felld niður:

# Bilun varð í Kauphöllinni

Kauphöll Íslands felldi í gær niður viðskipti sem áttu sér stað eftir klukkan 14.56 í gær vegna tæknilegrar bilunar í INET-viðskiptakerfinu. Bilunin olli því að meirihluta aðila á markaði skorti upplýsingar úr viðskiptakerfinu. Viðskipti gátu því ekki átt sér stað á jafnræðisgrundvelli samkvæmt tilkynningu frá Kauphöllinni. Heildarupphæð viðskiptanna nam rúmum 440 milljónum. – ih



**Dalshraun 3** 650 m²

## Nýtt rými, lagað að þinni starfsemi

Fallegt og bjart skrifstofurými í austurhluta 2. hæðar. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta það í samráði við nýjan leigutaka, afhendingarfrestur getur verið stuttur. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.





**Hátún 2b** 648 m²

## Glæsilegt hús, tilbúið til afhendingar

Skrifstofuhúsnæði sem skiptist í tvær hæðir auk kjallara. Rýmið er glæsilega innréttað og tilbúið til afhendingar. Möguleiki er að leigja allt húsið eða skipta því í tvennt; 2. hæð sér og svo 1. hæð og kjallari saman.

**Höfðabakki 9** 450-908 m²

## Skrifstofuhæð með útsýni

Rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni á 7. hæð. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt tveimur eldhúsum og tveimur snyrtingakjörnum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Hæðin er tilbúin til afhendingar en einnig er möguleiki á breytingum sem Reitir sjá um í samráði við nýjan leigutaka.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12    103 Reykjavík    www.reitir.is    575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

### Telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og vill fá skaðabætur og eignarhald sitt viðurkennt:

# Stefnir Hraðpeningum á ný

Sverrir Einar Eiríksson hefur stefnt smálánafyrirtækinu Hraðpeningum ehf., Skorra Rafni Rafnssyni og kýpverska félaginu Jumdon Micro Finance Ltd. til að fá þriðjungs eignarhlut sinn í Hraðpeningum viðurkenndan. Fyrr á þessu ári vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur frá máli Sverris gegn Hraðpeningum og Skorra þar sem einnig þyrfti að stefna Jumdon Micro Finance því kýpverska félagið væri skráður eigandi Hraðpeninga. Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms.

Þegar Hraðpeningar voru stofnaðir undir lok árs 2009 voru eigendurnir samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskrár þeir Skorri Rafn Rafnsson, Gísli Rúnar Rafnsson og Sverrir Einar Eiríksson sem hver átti þriðjungs hlut í félaginu.

Skorra er gefið að sök að hafa í leyfisleysi fært eignarhlut Gísla og Sverris yfir á sjálfan sig og þaðan framselt hlutaféð til Jumdon Micro Finance. Sverrir fer fram á að skaðabótaábyrgð Skorra verði viðurkennd vegna ólögmætrar yfirtöku á hlutafénu. Aðgerðin hafi valdið Sverri fjárhagslegu tjóni þar sem hann hafi ekki notið góðs af þeim hagnaði sem orðið hafi til af rekstri Hraðpeninga. Samanlagður hagnaður áranna 2010 og 2011 hafi numið 49 milljónum króna

> 49 milljónir króna var hagnaðurinn 2010 og 2011.

og gera mætti ráð fyrir að sá hagnaður hefði aukist síðustu ár en félagið hefur ekki skilað ársreikningi frá árinu 2011. Athygli vekur að í Morgunblaðinu í byrjun árs var haft eftir Óskari Þorgils Stefánssyni, framkvæmdastjóra Neytendalána ehf., að fyrirtækið hefði keypt Hraðpeninga af Jumdon Micro Finance. Neytendalán ættu því Hraðpeninga, 1909 ehf. og Múla ehf. – ih



**HRAÐPENINGAR** Sverrir vill fá eignarhlut sinn í Hraðpeningum viðurkenndan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Rekstrartekjur Regins námu 2,6 milljörðum króna á fyrri helmingi árs:

# Reginn skilar 1,2 milljörðum í hagnað

Hagnaður fasteignafélagsins Regins eftir tekjuskatt nam 1.214 milljónum króna á fyrri helmingi ársins sem er aukning yfir 60 prósent frá fyrra ári. Rekstrartekjur námu 2.611 milljónum króna og var vöxtur leigutekna frá fyrra ári 21 prósent. Þetta kemur fram í uppgjöri félagsins fyrir fyrri helming ársins.

Í uppgjörinu kemur fram að eignasafn Regins sé með háu útleiguhlutfalli og traustum leigutökum. Fjöldi fasteigna yfir tímabilið, að einum mánuði undanskildum, var 51 og heildarfermetrafjöldi þeirra eigna um 223 þúsund.

Í lok uppgjörstímabilsins fékk félagið afhent eignasafn sem keypt var af dótturfélagi Íslandsbanka, Fastengi. Að teknu tilliti til þeirra eigna er fjöldi fasteigna félagsins 125 og heildarfermetrafjöldi 285 þúsund.



**FORSTJÓRINN** Helgi S. Gunnarsson er sáttur við niðurstöðu reksturs félagsins á fyrri helmingi ársins.





**BORGAR SIG AÐ BORA** Dr. James Kendall sérfræðingur í orkumálum og svæðisstjóri hjá BOEM í Alaska. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Olíuvinnsla verði nauðsynleg í áratugi

***Svæðisstjóri hjá bandarísku orkustofnuninni BOEM segir olíuvinnslu vera nauðsynlega næstu áratugi þar til betri orkugjafar finnist. Olíuleki BP í Mexíkóflóa hafi breytt miklu fyrir olíugeirann.***

„Við áttum okkur á að að líkindum verði áfram þörf fyrir olíu og gas næstu áratugi. En nú þurfum við að vinna olíu og gas með ábyrgum hætti gagnvart umhverfinu,“ segir James Kendall, svæðisstjóri Bureau of Ocean Energy Management (BOEM) í Alaska. BOEM heyrir undir bandaríska innanríkisráðuneytið og er ábyrgt fyrir nýtingu orkugjafa á hafi úti, þar á meðal olíu, gass og endurnýtanlegra orkugjafa.

„Vonin er að með tímanum verði hægt að færa sig frá jarðefnaeldsneyti til endurnýjanlegra orkugjafa. En við áttum okkur á að líkindum verði áfram þörf fyrir olíu og gas næstu áratugi. En nú þurfum við að vinna olíu og gas með ábyrgum hætti gagnvart umhverfinu,“ segir Kendall.

Hins vegar hafi tækninýjungar haft í för með sér að vistvænt fótspor olíuvinnslu hafi dregist saman síðustu áratugi. „Við erum því miður mjög háð olíu og gasi og við þurfum að færa okkur frá því og yfir í endurnýtanlega orkugjafa líkt og Ísland notar. Sú breyting gerist hins vegar ekki á einni nóttu og á meðan þarf að fá orkuna einhvers staðar frá,“ segir hann.

Bent hefur verið á að á stórum svæðum borgi sig ekki að bora eftir olíulindum sem vitað sé um vegna lágs olíuverðs. Kendall segir að það taki langan tíma að hefja olíuvinnslu við norðurskautið vegna erfiðra aðstæðna. „Jafnvel þó olíuverð sé lágt núna, þá verður það kannski ekki lágt eftir fimm ár eða tíu ár.“

Hann segir umhverfið við olíuvinnslu við norðurheimskautið afar krefjandi „Það er myrkur og kuldi marga mánuði á ári, innviðir eru takmarkaðir, bæirnir eru fámennir, það eru fáir vegir og engar djúpsjávarhafnir. Svo það þarf að flytja allan búnað sem þarf til djúpsjávarborunar á staðinn.“

Kendall segir olíuleka British Petroleum í Mexíkóflóa hafa breytt miklu. „Við höfum þetta alltaf í huga. En nú er búnaðurinn sem hanna þurfti til að stöðva lekann skyldubúnaður á staðnum,“ segir Kendall. Hann segir slík slys afar fátíð. „Slysið varð á könnunarstigi olíuvinnslunnar. Það var mjög óheppilegt en slys á könnunarstigi eru mjög sjaldgæf,“ segir hann. Hins vegar þurfi að hafa þetta í huga við olíuvinnslu undan ströndum Alaska. „Þetta er einstakt svæði, það eru hvalir, rostungar og ísbirnir þarna svo það þarf að virða umhverfið sem og frumbyggja sem búa á svæðinu.“

> Vonin er að með tímanum verði hægt að færa sig frá jarðefnaeldsneyti til endurnýjanlegra orkugjafa.

Shell fékk í síðustu viku gefin út leyfi frá bandarískum stjórnvöldum til borunar við norðurheimskautið. Hillary Clinton, sem sækist eftir því að verða forsetaefni demókrata í forsetakosningunum árið 2016, gaf út í síðustu viku að hún væri mótfallin olíuvinnslu við norðurheimskautið. „Það er mikil umræða um hvar olíu- og gasvinnsla eigi að eiga sér stað. Undir stjórn Obama Bandaríkjaforseta hefur áherslan verið á ábyrga nýtingu allra orkugjafa.“


VOLVO
NÝTT
UPPHAF
VIÐ KYNNUM
NÝJAN VOLVO XC90
VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.
MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



# Innreið samfélagsmiðla kallar á gjörbreytta hugsun í markaðsstarfi

***Miklar breytingar hafa átt sér stað í allri markaðssetningu með auknum vinsældum samfélagsmiðla. Aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands segir fyrirtæki þurfa að vita af hverju þau séu á samfélagsmiðlum og hvaða markmiðum þau ætli að ná. Samfélagsmiðlar séu sérstaklega mikilvægir fyrir markaðssetningu í ferðaþjónustu.***

**ÚTTEKT**
**Ingvar Haraldsson**
ingvar@frettabladid.is



Innreið samfélagsmiðla hefur haft miklar breytingar í för með sér fyrir markaðssetningu fyrirtækja. Gunnar Thorberg Sigurðsson, stofnandi Kapals og aðjúnkt við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir samfélagsmiðla kalla á breytta hugsun fyrirtækja. Miklu skipti að þau viti af hverju þau séu á samfélagsmiðlum, við hvern þau ætli að tala og hvernig þau geri það.

„Samfélagsmiðlar eru tvíhliða samskipti en ekki einhliða eins og þessi hefðbundnari hugmyndafræði varðandi markaðssetningu er. Þess vegna er mikilvægt að unnið sé á samfélagsmiðlum eftir staðfærslu vörumerkisins. Þar er einna erfiðast fyrir fyrirtæki að ná utan um þessa rödd sína. Þess vegna er svo mikilvægt að finna þennan persónuleika, hverjir erum við?“ segir hann.

**Lúxusvörumerki hafa lent í vanda**

„Sum lúxusvörumerki hafa átt í miklum erfiðleikum með þetta. Þau hafa kannski aðallega verið í glanstímaritum en nú þurfa þau að fara að segja eitthvað. Hvernig talar þá vörumerkið? Það þarf að finna þessa rödd fyrirtækisins, hvernig tölum við, hvernig skrifum við, erum við með húmor, erum við formleg eða óformleg sem dæmi,“ segir Gunnar.

Þá þurfi efnið á miðlunum að vera áhugavert. „Það er ótrúlega mikilvægt að vera með skýra stefnu og vita hvað maður vill fá út úr þessu og vera fagleg og vanda sig. Svo þarf að sinna þessu vel, svara fljótt og vera áhugaverð og miðla, að hjálpa fólki að finna áhugaverða hluti þannig að samfélagsmiðlar skapi virði fyrir núverandi og tilvonandi viðskiptavini,“ segir hann.

**Skiptir ferðaþjónustuna miklu**

Gunnar segir samfélagsmiðla sérstaklega mikilvæga í markaðssetningu í ferðaþjónustu. „Í ferðamannageiranum eru stafrænu miðlarnir að koma gríðarlega sterkt inn. Sérstaklega miðlar sem leggja áherslu á myndræna upplifun á borð við Instagram og YouTube. Það er mikil gróska þar. Það hefur aðeins færst af Facebook. Þessir myndrænu miðlar eru að koma ótrúlega vel út fyrir fyrirtæki og til að kynna Ísland sem áhugaverðan stað til að heimsækja.“

Samfélagsmiðlarnir leysi hins vegar ekki eldri miðla af hólmi. „Þetta spilar allt saman, prentaðar auglýsingar eru mjög góðar, sjónvarpsauglýsingar eru frábærar þegar við á. En þegar maður er kominn inn á stærri markaði í alþjóðlegt markaðsumhverfi er orðið mjög dýrt að birta stórar sjónvarps- eða blaðaauglýsingar. Þess vegna eru samfélagsmiðlar svona mikilvægir fyrir íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri markaðssetningu,“ segir hann.

**Ekki nauðsynlegt að vera alls staðar**

Gunnar segir alls ekki nauðsynlegt fyrir fyrirtæki að vera á öllum miðlunum heldur fremur að finna miðil sem hentar hverju sinni.

„Það þarf fyrst og fremst að einbeita sér að viðskiptavinunum og vera með skýr mælanleg markmið um hvað eigi að fá út úr þessu því þetta spilar allt saman. Fókusinn verður að vera á viðskiptavininn og að þetta sé eitthvað sem nýtist honum.“

**Tíðnin má ekki vera of mikil**

Þá þurfi fyrirtæki að varast að vera ekki með of mikla tíðni á miðlana.

„Tíðnin má ekki verða of mikil, Sumir komast upp með að vera með mjög mikla tíðni eins og Icelandair. Minni fyrirtæki komast upp með að vera sjaldnar en þurfa þá að leggja áherslu á gott efni,“ segir hann.

Gunnar nefnir GoPro sem dæmi um fyrirtæki sem hafi ekki endilega lagt áherslu á að vera sjálft á samfélagsmiðlum heldur látið notendur vörunnar sjá um markaðsstarfið að miklu leyti.

„GoPro er eitt besta dæmið um vel heppnað markaðsstarf á netinu í gegnum samfélagsmiðla þar sem viðskiptavinir eru að sjá um markaðsstarfið fyrir GoPro. Þeir eru stoltir fulltrúar fyrirtækisins og merkja efnið mjög vel. Varan býður líka upp á myndræna upplifun,“ segir Gunnar.

**Vítin til að varast þau**

Gunnar segir brýnt að reyna ekki að leggja of mikla áherslu á að selja vörur í gegnum samfélagsmiðla. „Það er ekki bein sala sem fer í gegnum samfélagsmiðlana heldur er þetta fyrst og fremst miðill til þess að byggja upp vörumerki, þjónusta og eiga virk samskipti. Salan kemur svo með. Ef þú ert alltaf að reyna að selja er viðskiptavinurinn fljótur að láta sig hverfa en ef þetta er áhugavert þá blómstrar þetta,“ segir hann.

Þá geti húmor verið varasamur. „Það getur verið tvíeggjað sverð, að vera með kaldhæðni,“ segir hann.

„Margir hafi fallið í þá gryfju að viðskiptavinurinn hafi rangt fyrir sér og svara með einhverjum leiðindum. Þá er ótrúlegt hvað samfélagsmiðlarnir eru fljótir að grípa það og þá getur þetta orðið mjög neikvætt,“ segir hann.

**Umsagnir skipta miklu**

Fyrirtæki þurfi einnig að vera vör um sig varðandi hvernig umsagnir þau fái. „Á umsagnavefjum á borð við Tripadvisor eru góðar umsagnir mjög mikilvægar. Þegar fyrirtæki eru að vinna með traust og trúverðugleika getur ein slæm umsögn haft alveg gríðarlega mikil áhrif á viðskiptin. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að svara strax ef eitthvað kemur upp og svara faglega og fylgjast vel með og einnig að vera tilbúin með viðbragðsáætlun ef eitthvað gerist.“

Fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfi að fylgjast sérstaklega vel með umsögnum um sig. „Þegar viðskiptavinir eru að kanna hvort það sé í lagi með fyrirtækið leita þeir eftir umsögnum annarra viðkomandi fyrirtæki. Þá eru samfélagsmiðlarnir að skila sér gríðarlega vel inn,“ segir hann.



**Það er ekki bein sala sem fer í gegnum samfélagsmiðlana heldur er þetta fyrst og fremst miðill til þess að byggja upp vörumerki, þjónusta og eiga virk samskipti.**

Gunnar Thorberg Sigurðsson



## HÁDEGISTÓNLEIKAR

**Kammerkórinn Schola cantorum heldur hádegistónleika klukkan 12 í Hallgrímskirkju í dag líkt og alla miðvikudaga í sumar. Efnisskráin samanstendur af íslenskum og erlendum kórperlum og þjóðlögum.**









# GENGIÐ TIL MÓTS VIÐ ALMÆTTIÐ

**PÍLAGRÍMALEIÐ** *Lára Björnsdóttir stóð á tímamótum í lífi sínu þegar hún ákvað að ganga Jakobsveginn frá Roncesvalles við landamæri Frakklands og Spánar til Santiago de Compostela.*

Jakobsvegurinn er forn pílagrímaleið. Upphafið getur verið á ýmsum stöðum en endapunkturinn er alltaf sá sami, dómkirkjan í Santiago de Compostela þar sem helgisagan segir að bein heilags Jakobs, verndardýrlings Spánar, séu varðveitt. Lára hafði heyrt af Jakobsveginum nokkru áður en hún ákvað að hefja gönguna en ekki tekið þær upplýsingar neitt sérstaklega til sín. „Jón Björnsson vinur minn hafði skrifað bók um Jakobsveginn og annar vinur minn sem býr í Malmö hafði líka skrifað bók um hann og gefið mér en mér fannst þetta í sjálfu sér ekkert koma mér við, nema bara sem verk eftir þá. Svo stóð ég á ákveðnum tímamótum. Ég var nýbúin að missa manninn minn og var að hugsa um að hætta að vinna og vissi ekki alveg hvað tæki við. Ég var á ferðalagi í Normandí þar sem enn ein bókin um Jakobsveginn varð fyrir mér og þar ákvað ég að nú væri kominn tími fyrir mig til að ganga þessa leið. Svo ég talaði við Jón og sagði að næst þegar hann færi Jakobsveginn þá vildi ég fara með. Ég var á þeim stað í lífinu að mig langaði að merkja nýtt upphaf, nýtt líf á einhvern merkingarbæran hátt.“ Jón skipulagði í sam- ▶

**Á JAKOBSVEGI** Lára Björnsdóttir við vegvísi á Jakobsvegi. Hörpudiskurinn er tákn pílagrímaleiðarinnar en hann notuðu pílagrímar til að drekka úr lækjum og uppsprettum á leiðinni.






**Fararstjórn erlendis**

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

**Pana Chocolate**

Súkkulaði sem er gott fyrir þig...




- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni

Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með mikið magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.



www.icecare.is - Netverslun

Útsölustaðir:
Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni



**KIRKJAN Í SANTIAGO DE COMPOSTELA** Hér er hópurinn saman kominn á torginu við dómkirkjuna í Santiago. Þegar við vorum komin á leiðarenda gengum við syngjandi „Fögur er foldin“ saman inn á torgið.

starfi við IT ferðir gönguferð um Jakobsveginn og Lára var ekki sein á sér og var lögð af stað septemberdag einn 2013.

**30 KÍLÓMETRAR Í BAKANDI SÓL**

„Við vorum fjórtán ferðalangar og allir yfir sextugt nema fararstjórinn sem var yngri og spænskumælandi. Við flugum til Frankfurt og þaðan til Bilbao á Spáni og þaðan tókum við rútu til Roncesvalles þar sem gangan hófst. Við gengum í tólf af þessum fjórtán dögum sem ferðin tók, 300 km alls. Þeir sem ganga hundrað kílómetra samfleytt og enda í dómkirkjunni fá aflátsbréf eða „compostela“ og eru þar með syndlausir. Sem er ágætisstaður fyrir nýtt upphaf.“ Dagleiðirnar voru mislangar, eða frá 24 kílómetum og upp í 33. „Jón var búinn að segja okkur að þetta væru ekki nema 20 kílómetra dagleiðir en undir lokin fannst mér ekki neitt að ganga 20 kílómetra þegar maður var orðinn vanur að ganga 30 í bakandi sólinni. Sumir ganga einir og gista í skýlum en við vorum í hóp með fararstjóra og gengum ekki með allan farangurinn á bakinu heldur voru töskurnar okkar fluttar með bíl milli hótela. Við fórum af stað klukkan átta á morgnana því þá var svalt og við vorum jafnvel í peysu en annars gekk ég í stuttbuxum og bol alla leiðina.“

**SUNGU FÖGUR ER FOLDIN**

Lára segir gönguna vissulega hafa reynt á sig. „Ég var ánægð með það því ég fór meðal annars í ferðina til að komast að því hvað ég get. Ég var sæmilega búin, gekk í góðum sandölum og slapp alveg við blöðrur og ýmsa aðra fótkvilla sem plöguðu suma ferðafélagana. Við lukum svo göngunni með því að arka inn á Dómkirkjutorgið syngjandi Fögur er foldin, saman hópurinn, og það var ansi góð tilfinning.“

**ÓLÝSANLEG UPPLIFUN OG ANDLEGT FERÐALAG**

Fólk fer Jakobsveginn af ólíkum ástæðum. „Sumir fara til að reyna á sig, aðrir í skemmtilegt ferðalag með vinum og enn aðrir í andlegt ferðalag. Ég vildi fara í skipulögðum hópi en ekki með fastan ferðafélaga með mér. Ég þekkti auðvitað fullt af fólki í ferðinni og kynntist fleirum en var samt mikið ein með sjálfri mér að hugleiða og njóta náttúrunnar og komast í samband við almættið. Fyrir mér var þetta mjög andlegt ferðalag. Og mikil upplifun sem ég get eiginlega ekki lýst, það er bara hægt að reyna það. Og þetta er svo hollt. Auðvitað fyrir líkamann en ekki síður fyrir sálina.“

brynhildur@365.is



**MINJAGRIPIR** Nokkrir minjagripir, meðal annars hörpudiskur sem „pílagrímar“ nútímans nota til að auðkenna sig á leiðinni.



**HÖRPUDISKUR** Jakobsvegurinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Vegurinn var endurgerður með styrk frá Evrópusambandinu 1987 og lagðir stígar sem voru merktir með hörpudiskunum. Það ár gengu 300 manns Jakobsveginn en 2012 voru „pílagrímarnir“ 272.000 talsins.

# FACEBOOK

## Vinsælustu íslensku vörumerkin

Guide to Iceland er það íslenska vörumerki sem flestir hafa látið sér líka við á Facebook ef frá eru taldir þeir fjölmörgu tónlistarmenn sem getið hafa sér gott orð á erlendri grundu.

Icelandair er í öðru sæti. „Icelandair er að gera þetta ótrúlega vel á öllum samfélagsmiðlum. Þeir eru búnir að byggja upp ótrúlega stóran fylgjendahóp,“ segir Gunnar. Í næsta sæti er Inspired by Iceland sem Íslandsstofa hefur markaðssett.

**Íslandsstofa hefur verið að vinna gríðarlega gott starf á samfélagsmiðlum og hefur byggt stóran hluta af sínu markaðsstarfi í kringum samfélagsmiðla, segir Gunnar.**

| | FJÖLDI FYLGJENDA |
|---|---|
| 1. GUIDE TO ICELAND | 299.811 |
| 2. ICELANDAIR | 265.768 |
| 3. INSPIRED BY ICELAND | 142.703 |
| 4. DOHOP | 89.770 |
| 5. NÓI SÍRÍUS | 68.126 |

Heimild: Socialbakers

# SNJALLTÆKI

## stóra byltingin

Gunnar segir komu snjallsíma og spjaldtölva hafa breytt gífurlega miklu varðandi notkun á samfélagsmiðlum.

**Stór hluti af notkun á samfélagsmiðlum fer í gegnum þessi smátæki þegar fólk er á ferðinni en ekki endilega við stóru tölvuna sína. Það er stóra breytingin í þessu. Þessar spjaldtölvur og snjalltæki sem fólk er alltaf með við höndina og er því sítengt. Það hefur í raun kollvarpað öllu frá 2011 til dagsins í dag. Það er þessi stóra bylting, þegar símtækin breyttust frá því að vera kannski bara sími með myndavél yfir í að vera þessi fjölnota tæki.**



# SNAPCHAT

## stokkið fram á sjónarsviðið



Rúna Dögg Cortez

**Snapchat er miðill sem hefur notið sífellt meiri vinsælda að undanförnu að sögn Rúnu Daggar Cortez, stafræns stjórnanda hjá auglýsingastofunni Brandenburg.**

Á Snapchat senda notendur myndir og myndbönd sem þeir hafa sjálfir tekið upp til annarra notenda. Bæði er hægt að senda myndbönd sem aðeins er hægt að horfa á einu sinni og myndbönd sem hægt er að horfa á í sólarhring eftir að þau birtast.

Brandenburg fékk íslensku auglýsingaverðlaunin Lúðurinn fyrir Snapchat-rás Nova á síðasta ári. Rásin virkar þannig að Nova fær ákveðna aðila til að setja inn myndbönd á rásina í eina viku í senn. Rúna segir yfir 30 þúsund manns horfa á rásina þegar mest er. Fjölmörg fyrirtæki hafi farið sömu leið með misjöfnum árangri.

**Fyrirtæki eru svolítið að fara Nova-leiðina með því að fá aðra aðila til að halda úti Snapchat-inu fyrir sig. Það gengur vel hjá sumum og öðrum ekki. Það er þannig með alla þessa samfélagsmiðla að þú þarft að prófa þig áfram með hvað gengur vel og hvað ekki. En núna fer að koma að því að fyrirtæki þurfa að fara að finna það næsta, segir Rúna.**




SJÓNVARP BYLGJAN.IS BYLGJUAPPIÐ ÚTVARP
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

# Sýndi mjúka hlið með því að fá sér hund

***Katrín M. Guðjónsdóttir hefur verið ráðin markaðsstjóri Skeljungs en hún var áður markaðsstjóri N1. Hún er mikil útivistarkona en það kom samstarfsfélögum hennar á óvart þegar hún fékk sér hund.***

**SVIPMYND**

Ingvar Haraldsson ingvar@frettabladid.is

Katrín M. Guðjónsdóttir var í síðustu viku ráðin markaðsstjóri Skeljungs. Katrín hefur mikla reynslu af markaðsmálum en síðustu tvö ár var hún markaðsstjóri Inness og á árunum 2008 til 2013 starfaði hún sem markaðsstjóri N1. Katrín segir að næstu misseri muni felast í að móta framtíðarskref í markaðsmálum og stefnu vörumerkja Skeljungs, á borð við Shell og Orkuna.

Katrín segir sín helstu áhugamál vera útivist, samveru með fjölskyldu og vinum og ferðalög en um helgina gekk hún Fimmvörðuhálsinn. Hún segist vera dugleg að fylgja eiginmanni sínum á veiðiferðum. „Ég er aðstoðarmanneskja veiðimannsins og er mjög stolt af því. Ég geri veiðimanninn betri, sem er þá eiginmaðurinn. Ég lít á það sem mjög mikilvægt hlutverk.“

Katrín segir það hafa komið mörgum á óvart þegar hún fékk sér Cocker Spaniel-hund fyrir fjórum árum. „Samstarfsfólki mínu á sínum tíma fannst það mjög út úr karakter að ég væri að fá mér hund. Þarna var ég að sýna mjög mjúka hlið og frekar óvænta miðað við annir. Maðurinn minn starfar hjá Marel og var að ferðast mikið erlendis. Þannig að það var gert svolítið grín að því að ég væri í krefjandi starfi og allt á fullu og að ég væri að fá mér hvolp,“ segir Katrín kímin. Nú sé helst skotið á Katrínu fyrir að þykja jafn vænt um hundinn og börnin sín.

Katrín lauk MBA-námi í vor samhliða fullu starfi hjá Innnesi. „Það sem hefur einkennt frítíma minn síðustu tvö ár var MBA-námið svo ég var kannski ekki mjög mikið að gera annað,“ segir hún. Hún segist hafa verið komin stutt í náminu þegar hún var komin í allt markaðsefni fyrir námið. „Vinir mínir gerðu dálítið grín að mér því það einkennir mig svolítið að þegar ég geri eitthvað er ég „all in“ í því. Einn vinur minn sem er svolítill frasakóngur sagði: „Katrín fór í MBA-námið og hún gleypti það“.“

**METNAÐARFULL KEPPNISMANNESKJA**



Kata er ótrúlega traust og góð vinkona sem er ávallt til staðar. Hún er einstaklega lífsglöð, skemmtilega hvatvís, með einstakt ímyndunarafl og kann að segja skemmtilega frá. Kata er mikill dugnaðarforkur, lætur ekkert stöðva sig og klárar þau verkefni sem hún tekur að sér. Hún er mikil keppnismanneskja, fylgin sér, metnaðarfull og finnur alltaf leiðir til að láta drauma sína rætast. Ég er þakklát fyrir að hafa átt hana sem vinkonu í næstum 20 ár og hlakka til samverunnar með henni í framtíðinni. Það getur ekki verið annað en bara skemmtilegt.

*Svava Guðmundsdóttir iðjuþjálfi*



Kata er fyrst og fremst lífsglöð og skapandi manneskja með mikla tilfinningagreind. Það er alltaf líf og fjör í kringum hana og hún á mjög auðvelt með að vinna með fólki og fá fólk í lið með sér. Hún setur sér háleit markmið sem hún nær alltaf á endanum og hún trúir því að fólk sé sinnar eigin gæfu smiðir og að allir geti gert allt ef þeir bara reyni og leggi sig fram (Warhol: Anyone can do anything). Hún er frábær félagi og vinur og hugsar vel um vini sína og fjölskyldu. Hún er nútímakona sem gerir miklar kröfur til sjálfrar sín og vill ná árangri í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er óhrædd við að takast á við nýjar áskoranir og hikar ekki við að fara ótroðnar slóðir við úrlausn sinna viðfangsefna sé þess þörf. Betri lífsförunautar hefði ég ekki getað óskað mér.

*Pétur Árnason, eiginmaður Katrínar*



**Í STARF HJÁ SKELJUNGI** Katrín hafði áður starfað í fimm ár hjá N1. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MEÐ FRUMKVÖÐLUM** Salóme Guðmundsdóttir telur ráðstefnuna hafa verið einstakt tækifæri til að kynna íslenskt sprotaumhverfi erlendis. Aðsend mynd

# Framkvæmdastjóri Klak Innovit í New York

***Hringdi bjöllunni við lokun markaðarins.***

Salóme Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóri Klak Innovit, lokaði Nasdaq-markaðnum með bjölluhringingu í gær klukkan fjögur að íslenskum tíma. Slush-ráðstefna fór fram í New York í gær og fyrradag og tók Klak Innovit þátt. Markmið ferðarinnar var að kynna norræna sprotasamfélagið betur á austurströnd Bandaríkjanna.

Á vef Kauphallarinnar er bent á að íbúafjöldi Svíþjóðar, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Íslands sé einungis 26 milljónir. Þó hafi orðið til fyrirtæki eins og Spotify, Candy Crush Saga og Angry Birds á Norðurlöndunum.

Salóme Guðmundsdóttir telur að þessi ferð hafi verið einstakt tækifæri til að kynna íslenska sprotaumhverfið fyrir áhugasömum bandarískum fjárfestum og fjölmiðlum. „Undanfarin ár sanna að það skiptir ekki máli hvort þú stofnar fyrirtækið þitt á litlum heimamarkaði eða stórum, góðar hugmyndir geta náð athygli erlendra fjárfesta,“ segir Salóme. – jhh

# Stefán Broddi sest við stýrið hjá greiningardeild Arion

***Nýr forstöðumaður greiningardeildar Arion hefur unnið hjá Existu og Straumi.***

Stefán Broddi Guðjónsson hefur verið ráðinn forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Stefán hefur starfað hjá bankanum frá ársbyrjun 2012 sem sérfræðingur í greiningardeild. Þar hefur hann haft umsjón með fyrirtækjagreiningu.

Í tilkynningu frá bankanum kemur fram að Stefán hefur víðtæka reynslu úr fjármálageiranum. Á árunum 2008-2011 starfaði hann hjá Straumi fjárfestingarbanka í markaðsviðskiptum og sem forstöðumaður eigin viðskipta á Íslandi. Á árunum 2006-2008 var Stefán fjárfestingastjóri hjá Exista og frá árinu 2001 til ársins 2006 starfaði hann í Íslandsbanka sem sérfræðingur í greiningu og markaðsviðskiptum. Á árunum 1998-2001 var Stefán blaðamaður á Viðskiptablaðinu. Stefán Broddi er með BA-gráðu í stjórnmálafræði og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. - jhh



**STEFÁN BRODDI GUÐJÓNSSON**



**ÍSLANDSBANKI** Birna Einarsdóttir bankastjóri kynnti uppgjörið fyrir blaðamönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslandsbanki hyggst fækka starfsmönnum

***Hagnaður Íslandsbanka á fyrri helmingi ársins nam tæplega 11 milljörðum króna. Hagnaðurinn dregst saman milli ára vegna þess að tekjur af einskiptisliðum eru minni í ár en þær voru í fyrra.***

Hagnaður Íslandsbanka á fyrri helmingi ársins nam tæplega 11 milljörðum króna. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segist ánægð með afkomuna.

„Grunnreksturinn styrktist á tímabilinu sem endurspeglast í heilbrigðum vexti útlána og innlána, sem og í þóknanatekjum sem jukust um 13% milli ára. Útlán jukust um 3% frá áramótum og er það í samræmi við áætlaðan hagvöxt á tímabilinu. Ánægjulegt var fyrir bankann að hljóta hærri einkunn í fjárfestingarflokki hjá bæði Fitch og S&P,“ segir Birna. Hún segir að þótt afkoman sé góð þurfi enn að bæta grunnreksturinn.

„Launakostnaður stendur í stað og mun bankinn halda áfram að vinna að hagræðingaraðgerðum til kostnaðarlækkunar,“ segir Birna. Hún segir að aðgerðir til kostnaðarlækkunar verði að vera raunverulegar og telur að á fimm árum verði starfsmönnum hugsanlega fækkað um 100. Reynt sé eftir fremsta megni að ná þeirri fækkun starfsmanna fram í gegnum starfsmannaveltu.

Í kringum 950 starfa hjá bankanum í dag. Hagnaðurinn á fyrri helmingi ársins er 10,8 milljarðar króna en hann var 14,7 milljarðar á sama tímabili árið á undan. Ástæða minni hagnaður er sú að tekjur af einskiptisliðum voru meiri á sama tíma í fyrra.

Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14 prósenta eiginfjárhlutfall A var 13,9 prósent samanborið við 12,4 prósent á sama tímabili 2014. Hreinar vaxtatekjur voru 13,6 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2015, sem er sambærilegt við það sem var árið áður. Vaxtamunur var 2,9% á fyrri árshelmingi 2015, en var 3,1 prósent árið áður. Hreinar þóknanatekjur voru 6,4 milljarðar króna eða 13,2% meira en árið á undan.

Hagnaður bankans á fyrri helmingi ársins skiptist jafnt á milli fyrsta ársfjórðungs og annars fjórðungs. Hann var 5,4 milljarðar króna á öðrum fjórðungi sem er einum milljarði lægra en á sama fjórðungi árið á undan. jonhakon@frettabladid.is


Afmælistónleikar
19. september 2015
MAGGI EIRÍKS
70 ára
Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú
Aukatónleikar
Kl. 21 – Uppselt
Kl. 17 – Aukatónleikar
Miðasala hafin á aukatónleikar: harpa.is | 528 5050 | tix.is
HARPA

Ágreiningur um viðskiptaþvinganir undirstrikar mikilvægi makrílsins:

# Happdrættis-vinningur í efnahagslögsögunni

Tjón íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja vegna innflutningsbanns Rússa undirstrikar vel mikilvægi makrílsins fyrir þjóðarbúið. Hvað gerist ef makríllinn, sem kom eins og happdrættisvinningur inn í efnahagslögsöguna, fer aftur suður á bóginn?

Íslensk fyrirtæki fluttu út vörur til Rússlands fyrir 29,2 milljarða króna í fyrra. Stærstur hluti upphæðarinnar er vegna uppsjávarfisks, aðallega makríls og loðnu.

Ísland hefur í eitt og hálft ár stutt viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna og ESB gagnvart Rússum. Á annan tug frekari útfærslna á þessum stuðningi hafa verið samþykktar af utanríkisráðherra, í samræmi við reglur sem um það gilda, eftir að ríkisstjórnin tók ákvörðun um upphaflegan stuðning við aðgerðirnar. Mikið hefur verið skrifað um mikilvægi þess að Ísland styðji aðgerðirnar í nafni „samstöðu“ með bandalagsþjóðum. Ég tel hins vegar að menn ofmeti mjög meintar afleiðingar af því fyrir utanríkisstefnu Íslands að semja sig frá stuðningi við viðskiptaþvinganir ESB og Bandaríkjanna en samkomulag um slíkt hefði hins vegar þurft að liggja fyrir í upphafi. Skrif um hugsanlegt tjón Íslendinga af því að standa utan aðgerðanna með samkomulagi virðast byggjast á litlu öðru en þykjustuþekkingu. Í fyrsta lagi lá ekki fyrir nein almennileg greining á hagsmunum Íslendinga af hugsanlegum gagnaðgerðum Rússa þegar Ísland lýsti yfir stuðningi við viðskiptaþvinganirnar í upphafi. Þrátt fyrir stofnaðild okkar að Atlantshafsbandalaginu tel ég ekki útilokað að Ísland hefði getað setið hjá í þessum aðgerðum vegna fyrirsjáanlegs tjóns af gagnaðgerðum Rússa í ljósi mikilvægra hagsmuna íslenskra fiskútflytjenda í Rússlandi. Ég tel að bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu hefðu sýnt hlutleysi okkar fullan skilning ef slík ákvörðun hefði verið vel undirbúin af íslenskum stjórnvöldum og gerð í sátt við bandamenn. Að þessu sögðu hefði verið gjörsamlega óforsvaranlegt fyrir íslensk stjórnvöld að draga stuðninginn til baka á þessum tímapunkti, þegar tjón vegna innflutningsbanns Rússa er staðreynd, og í raun með miklum ólíkindum að nokkrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi verið að hringla með málið áður en þeir sáu að sér.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Ég tel að bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu hefðu sýnt hlutleysi okkar fullan skilning ef slík ákvörðun hefði verið vel undirbúin af íslenskum stjórnvöldum og gerð í sátt við bandamenn.**

Það er merkilegt að viðskiptahagsmunir, sem nema aðeins fimm prósentum af heildarútflutningi íslenskra fyrirtækja, hafi sett þjóðfélagsumræðuna í jafn mikið uppnám og raun ber vitni og nánast sundrað ríkisstjórnarflokkunum. Þetta er kannski sterkur vitnisburður um hversu mikilvægar makrílveiðarnar eru fyrir þjóðarbúið. Fiskútflytjendur hafa leitað logandi ljósi að nýjum mörkuðum fyrir makríl á undanförnum tólf mánuðum án árangurs. Nýir markaðir fyrir makrílinn í stað Rússlands eru „tálsýn“ að mati sölustjóra Iceland Seafood. Ef við setjum málið í víðara samhengi, hvaða hagsmunavarsla þarf að vera til staðar ef makríllinn fer úr efnahagslögsögunni?

Sjávarhiti og áta leika stórt hlutverk í dvöl hins hraðsynta uppsjávarfisks makrílsins á ætisslóðum. Eftir að makríllinn kom í auknum mæli inn í íslenska efnahagslögsögu eftir árið 2008 hafa makrílveiðar skilað þjóðarbúinu 24-26 milljörðum króna árlega, samkvæmt greinargerð vinnuhóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um makrílveiðar. Íslendingar töldu ekki boðlegt að ganga að tilboði Norðmanna og ESB um 12 prósenta hlutdeild í makrílstofninum meðan 25-30 prósent stofnsins eru innan íslenskrar lögsögu.

## Mikil ólga í Nepal vegna nýrrar stjórnarskrár



Nepalskir lögreglumenn votta yfirmanni sínum, Laxman Neupane, virðingu við útför hans í gær. Mótmælendur kveiktu í húsum og réðust á lögregluna í mótmælum sem fóru fram í gær. Í fyrradag fórst átján mánaða gamalt barn og nokkrir lögreglumenn í átökum. Mótmælendur eru ósáttir við nýja stjórnarskrá í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Viðskiptafrelsi fjölgar tækifærum

Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður
Samtaka iðnaðarins



Undanfarna daga hefur viðskiptafrelsi verið mikið í umræðunni og hefting viðskipta á milli landa. Flest aðhyllumst við frelsi til samskipta og frjálsra viðskipta, það er að fá að eiga viðskipti við þá sem okkur hugnast án afskipta ríkis eða annarra. Við setjum okkur leikreglur á viðskiptasviðinu rétt eins og á öðrum sviðum. Við viljum ekki að athafnir dagsins í dag valdi tjóni á morgun.

### Sameiginlegur skilningur mikilvægur

Með bandalagi vestrænna ríkja í dag er verið að reyna að koma í veg fyrir hörmungar sem hefðu ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þjóð sem hefur reynt að feta slóð lýðræðis og frelsis í samskiptum og viðskiptum.

Ísland er ungt lýðræðisríki sem hefur allar götur frá stofnun lagt áherslu á mannréttindi og rétt manna til athafna. Á þeim rúmum sjötíu árum sem Ísland hefur staðið sjálfstætt höfum við borið gæfu til að eiga í nánum samskiptum og viðskiptum við aðrar þjóðir. Á því byggist velferð okkar. Við höfum skipað okkur í hóp lýðræðisríkja sem byggja á sameiginlegum skilningi á frelsi og mannúð.

### Ótrúleg seigla

Í þeim efnahagsþrengingum sem dundu yfir Ísland á haustmánuðum 2008 voru settar skorður á frelsi manna til athafna í viðskiptum. Skyndilega urðu gjörningar eins og fjármagnsflutningar, sem teljast sjálfsagðir í viðskiptum á milli landa, nær útilokaðir. Óhjákvæmilega olli þetta hindrunum í rekstri margra fyrirtækja hér á landi. Sérstaklega þeirra alþjóðlegu fyrirtækja sem hér hafa höfuðstöðvar. Það þarf engan snilling til að sjá hversu erfitt það er fyrir fyrirtæki að starfa undir þessum kringumstæðum. Það ber að þakka þeim fyrirtækjum sem starfa hér enn þrautseigjuna. Það er ekki sjálfgefið að þau séu hér enn jafn blómleg og raun ber vitni.

### Ójöfn kjör skerða samkeppnishæfni

Á vordögum kynnti fjármálaráðherra metnaðarfulla áætlun stjórnvalda um afnám hafta. Því fögnum við hjá Samtökum iðnaðarins og teljum það mikið heillaspor að nú sé komin fram áætlun. Það er forgangsatriði að stjórnvöld tali skýrar um það hvernig afnám hafta mun horfa við fyrirtækjunum. Aðeins þannig mun atvinnulífið hafa betri forsendur til að gera raunhæfar áætlanir.

Íslenskt viðskiptalíf stendur líka frammi fyrir samkeppnishindrun í formi hækkandi vaxta á sama tíma og verðbólga er undir verðbólgumarkmiði og blikur á lofti í heimsbúskapnum. Það eru ójöfn kjörin sem íslensk fyrirtæki njóta samanborið við keppinauta annars staðar í heiminum. Hvernig eiga fyrirtæki okkar sem eru í alþjóðlegri samkeppni að standast það þegar vaxtakjörin eru með þessum hætti? Íslensk fyrirtæki fá ekki að vaxa og blómstra á sama grunni og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur. Hávaxtastefna ásamt gjaldeyrishöftum er alvarleg skerðing á samkeppnishæfni okkar fyrirtækja. Vaxtaákvörðunartæki Seðlabankans má ekki umgangast af léttúð. Yfirlýst markmið bankans er að skapa stöðugleika en það er full ástæða til að minna hann á að hlusta á púls raunhagkerfisins um leið og hann skoðar spár spákaupmanna.

Frelsi í atvinnulífinu er undirstaða hagsældar og það sem skapar stöðugleika og fjölgar tækifærunum til langs tíma.

# Vinnustaðarmenning

## Hin hliðin

Herdís Pála Pálsdóttir
MBA, fyrirlesari og markþjálfi hjá herdispala.com



Menning, þetta skemmtilega og ósnertanlega fyrirbæri sem birtist gjarnan í hegðun, viðhorfum og fleira, er ekkert annað en mennirnir sem standa á bak við menninguna, hvort sem verið er að vísa til menningar þjóða eða vinnustaða.

Vinnustaðarmenning mótast af þeim manneskjum sem starfa á vinnustaðnum, reynslu þeirra og þekkingu og birtist þá m.a. í samskiptum og hegðun á vinnustaðnum.

Ef talin er þörf á að breyta vinnustaðarmenningu er gott að átta sig á að það er ekki gert með skammtíma átaksverkefni. Það er ekki auðvelt að breyta fólki eða hegðun. Þar af leiðandi er ekki auðvelt að breyta menningu, nema að breyta því hverjir standa á bak við menninguna vinnustaðarins, þ.e. hverjir vinna á vinnustaðnum.

Náist að skapa heilbrigða vinnustaðarmenningu eru meiri líkur á að starfsfólk sé ánægt með vinnustaðinn og viðskiptavinir verða þá einnig ánægðari með vörur eða þjónustu fyrirtækisins.

Hér eru nokkur atriði sem þykja endurspegla góða vinnustaðarmenningu.

1. Starfsfólk gerir sér góða grein fyrir tengslum daglegra starfa sinna við hlutverk, framtíðarsýn og árangur vinnustaðarins. Starfsfólk sér tilgang með störfum sínum.

2. Starfsfólk hefur gildi vinnustaðarins í heiðri og að leiðarljósi í öllum sínum störfum og ákvörðunum.

3. Gagnkvæmt traust ríkir á milli almenns starfsfólks og stjórnenda. Starfsfólk treystir stjórnendum og þeirri stefnu og þeim markmiðum sem þeir setja. Stjórnendur treysta starfsfólki til að leysa verkefni á sem bestan hátt.

4. Starfsfólki er annt um vinnustaðinn og leggur sitt af mörkum til að þeim árangri sem stefnt er að sé náð. Starfsfólk aðstoðar samstarfsfólk og leysir með glöðu geði tilfallandi verkefni, jafnvel þótt þau séu ekki í starfslýsingu viðkomandi. Starfsfólk gleðst þegar markmiðum fyrirtækisins er náð.

5. Starfsfólk er stöðugt að leita leiða til að leysa verkefni sín betur af hendi og á skilvirkari hátt en áður. Starfsfólk veit að þannig leggur það sitt af mörkum til að auka árangur vinnustaðarins og veit að það mun fá viðurkenningu fyrir.

6. Samvinna og samskipti eru góð, þvert á allan vinnustaðinn. Til staðar eru leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri og hlustað er á allar skoðanir.

7. Starfsfólk gleðst yfir hverju tækifæri til að fagna góðum árangri.

Hversu mikið af þessum atriðum á við á þínum vinnustað?

Ef þau eru færri en þú vildir er gott að skoða:

Hversu góðar fyrirmyndir eru stjórnendur á vinnustaðnum?

Hversu líklegt er að hægt sé að móta æskilega vinnustaðarmenningu með núverandi mönnun?

# ÖFLUG SKÓLATÖLVA

ASUS



INTEL i5

ASU-F554LAX0736H

**99.995**

## ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR INTEL i5

Ekkert skiptir meira máli við val á fartölvu en örgjörvinn. Með öflugum örgjörva þarf minna að bíða eftir tölvunni í ræsingu, þegar hún opnar forrit eða margir gluggar eru opnir. Þessi kemur með 2.7GHz Turbo Intel core i5 örgjörva sem er mjög hraðvirkur og vinnur vel með Intel HD 4400 grafíkkjarna tölvunnar.

### EIN VINSÆLASTA SKÓLATÖLVAN Í ÁR !

| | | | |
|---|---|---|---|
| **INTEL i5** ÖRGJÖRVI | **4GB** VINNSLUMINNI | **HD4400** GRAFÍKKJARNI | **15,6"** SKJÁR |




tl.is

TÖLVU LISTINN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **EGILSSTAÐIR** | **KEFLAVÍK** | **SELFOSS** | **AKRANES** |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 128,48 | DKK 19,74 | NOK 15,64 | CHF 136,20 |
| GBP 202,48 | EUR 147,10 | SEK 15,35 | JPY 1,07 |

**6.081,34**
71,68 +182,47 (3,09%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 23 BLAÐSÍÐUR

**Atvinnuástandið batnar áfram**

Atvinnuauglýsingar í Fréttablaðinu um síðustu helgi spönnuðu 23 blaðsíður en voru 17 þann 23. ágúst í fyrra. Þetta kemur fram í umfjöllun greiningardeildar Arion banka segir að þess sjáist merki víða að atvinnuástandið sé að batna og að þróunin muni halda áfram. Í ljósi fjölgunar ferðamanna, hagvaxtarhorfa og uppgangs í byggingariðnaði sé mögulegt að eftirspurn eftir starfsfólki muni aukast meira en mannfjöldaspá Hagstofu segir til um.

**24.08.2015** „Þetta er svolítið svakalegur dagur. Þetta eru meiriháttar lækkanir í Kína og svo sjáum við áhrifin og vigtina sem Kína hefur í viðbrögðum annarra markaða,“ „Þetta er einn stakur dagur, við höfum stundum séð virkilega svarta daga í kauphöllum heimsins og það sem er spennandi að sjá er annars vegar hvernig markaðurinn bregst við á morgun og hins vegar hvernig opinberir aðilar bregðast við.“

*Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB*



## 7% FÓRU Í SKULDIR

**Hæsta vaxtabyrði í heimi**

Vaxtabyrði ríkissjóðs Íslands er sú þyngsta í Evrópu, að því er fram kemur í nýrri skoðun Viðskiptaráðs Íslands. Tæplega 7% af landsframleiðslu Íslands fóru í að greiða af skuldum ríkissjóðs árið 2012. Bendir Viðskiptaráð á að sú vaxtabyrði sé um 30% hærri en hjá Grikklandi – einu skuldugasta ríki Evrópu. Þær miklu skuldir sem hafi safnast upp á undanförnum árum séu því þungur baggi á hinu opinbera.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Kínakrísa á Íslandi

Íslenskur hlutabréfamarkaður hefur ekki farið varhluta af vandræðum Kínverja undanfarna daga. Þannig var mánudagurinn versti dagur í Kauphöll Íslands síðan 2010, en úrvalsvísitalan lækkaði um ríflega tvö og hálft prósent.

**AUGLJÓST** er að þetta megi rekja til ástandsins í Kína, þar sem hlutabréf hafa, þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda, haldið áfram að falla. Kínverskir markaðir hafa rýrnað um rétt fjörutíu prósent síðan í sumarbyrjun.

**ÞAÐ ER** athyglisvert að fylgjast með hlutabréfamörkuðunum þar sem sálfræði leikur ekki síður stóra rullu en hefðbundnari mælieiningar eins og rekstrartölur og efnahagstíðindi. Í mörgum tilvikum er ekki auðvelt að sjá beintengingu milli ástandsins í Kína og þeirra verðbreytinga sem hafa orðið hérlendis.

**Í GÆR** lækkuðu bréf í Nýherja mest allra, um tæp fimm prósent. Ekki er augljóst að sjá tengsl Nýherja við Kína að öðru leyti en því að félagið selur tölvubúnað sem í einhverjum tilvikum á rætur að rekja þangað. Einhver hefði talið að fall kínverska gjaldeyrisins remimbi og Bandaríkjadals undanfarið, væru þvert á móti jákvæðar fregnir enda innkaup frá Kína þeim mun hagstæðari.

**SAMA** gildir um Össur, bréfin lækkuðu um ríflega fjögur prósent. Aftur er þetta athyglisvert og ætti að þýða ódýrari innkaup á pörtum og öðru frá kínverskum verksmiðjum sem teljast varla annað en jákvæð tíðindi.

**MAREL** var svo það félag sem á eftir kom með tæplega fjögurra prósenta lækkun. Þar gætu hins vegar vandræðin í Kína spilað eðlilega rullu, enda hefur félagið sótt talsvert á Kínamarkað með vörur sínar. Samdráttur í Kína gæti því mögulega haft raunverulеg áhrif á afkomu félagsins.

**HVAÐ** sem ofangreindum vangaveltum líður er ljóst að Kínakrísan hefur áhrif víða um heim og kemur við kaunin á helstu viðskiptalöndum Íslands. Því er ekki nema eðlilegt, og í raun jákvætt, að íslenskur hlutabréfamarkaður sé ekki nægjanlega staðbundinn og furðulegur til að vera ósnortinn af væringum annars staðar í heiminum.

**GUÐLAUGUR** Þór Þórðarson hefur viðrað þá hugmynd að ríkið ætti að selja fasteignir á borð við Þjóðskjalasafnið og Lögreglustöðina.

**STJÓRNARMAÐURINN** tekur undir hvert orð, enda ekki einungis um þjóðþrifamál fyrir ríkisbudduna að ræða, heldur einnig baráttumál fyrir miðborgina. Hús miðsvæðis eiga að hýsa lifandi starfsemi, og reynslan sýnir að einkaaðilar eru gjarnari á að ramba á slíkt.

@stjornarmadur





**LÝÐVELDIÐ**

# NÝR FERSKUR **SKEMMTIÞÁTTUR**

Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir Íslendingar eru spurðir ráða um allt sem tengist rómantík. Áhorfendur fá góð ráð og stórskemmtilegar sögur frá viðmælendum og út frá svörum þeirra en stjörnur þáttarins eru viðmælendurnir en fram koma m.a. Dóri DNA, Þórunn Antonía, MC Gauti, Jóhann Alfreð, Dóra Takefusa, Sigga Dögg o.fl.

365.is | Sími 1817

365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á frábæru verði.

365

1817

365.is


# Aðalfundur Búmanna

Stjórnin.


HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52

108 Reykjavík

www.hofdi.is

Kellugrandi 6, íb. 401

Opið hús í dag kl. 17-18 – Verið velkomin!



Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Eiðismýri 30. 3ja herbergja – 60 ára og eldri

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 - 17.45









HÁDEGISSÝNING

fimmtudaginn 27.ágúst frá kl: 12:30 til 13:00

90,0 millj.



MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is

- með þér alla leið -


MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf framkvæmdastjóra safnaráðs

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra safnaráðs. Ráðið verður í starfið til fimm ára með möguleika á framlengingu ráðningar.

Safnaráð starfar samkvæmt lögum nr. 141/2011 og er mennta- og menningarmálaráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni safna. Hlutverk safnaráðs er m.a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumótun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningu safna, veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð og sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Helstu verkefni framkvæmdastjóra safnaráðs er að annast daglegan rekstur skrifstofu ráðsins, halda utan um og fylgja eftir verkefnaáætlun þess, hafa umsjón með safnasjóði og halda utan um tillögur safnaráðs um úthlutanir úr sjóðnum.

Krafist er háskólamenntunar sem nýtist í starfi og staðgóðrar þekkingar á starfsviði safnaráðs.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október nk. Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM. Nánari upplýsingar veitir Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur á skrifstofu menningarmála.

- Umsóknir með ítarlegum upplýsingum menntun og starfsferil sendist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, eða á netfangið: postur@mrn.is.
- Umsóknarfrestur er til 10. september 2015.
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytið,*
*26. ágúst 2015.*

FISKISTOFA

# Sviðsstjóri lögfræðisviðs

**Laus er til umsóknar staða sviðsstjóra lögfræðisviðs á aðalskrifstofu Fiskistofu á Akureyri.**
Starfið heyrir beint undir fiskistofustjóra og situr viðkomandi í yfirstjórn Fiskistofu. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á starfsemi og verkefnum sem heyra undir sviðið
- Lögfræðilegur ráðgjafi fiskistofustjóra og sviðsstjóra
- Ábyrgð á lögfræðilegri meðferð brota- og stjórnsýslumála
- Lögfræðileg málefni varðandi veiðigjöld
- Lögfræðileg ráðgjöf varðandi starfsmannamál
- Yfirumsjón með lögfræðilegum verkefnum varðandi upplýsingamál Fiskistofu og rafræna stjórnsýslu
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun Fiskistofu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Yfirgripsmikil reynsla af lögfræðistörfum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Æskilegt að umsækjendur hafi umtalsverða þekkingu og reynslu af stjórnsýslu.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiðar o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is. Gildi Fiskistofu eru **traust, framsækni** og **virðing.**

**ATH. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 31. ágúst 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# Pólska verður kennd í fyrsta sinn í Háskóla Íslands í haust

**Tungumálastöð HÍ heldur námskeið í samstarfi við háskólann í Varsjá. Til að byrja með verður haldið námskeið en ef áhugi er fyrir hendi væri hægt að kenna pólsku í fullu námi.**

Námskeiðið er haldið í samstarfi við háskólann í Varsjá en þaðan mun koma kennari til þess að kenna á sex vikna námskeiði. Það þykir undarlegt að Íslendingum hafi ekki áður staðið til boða að læra pólsku þar sem um 10.000 Pólverjar búa hér á landi. Fyrir hafði pólska aðeins verið kennd í Mími og í Pólskuskólanum sem sérhæfir sig í pólskukennslu fyrir pólsk börn. Eyjólfur Már Sigurðsson hjá Tungumálastöð HÍ vonast eftir góðri þátttöku á námskeiðinu því þá yrði möguleiki til að kenna pólsku sem fullt nám.

„Þetta hefur aldrei verið kennt hjá okkur áður sem er svolítið skrítið því þetta er svo útbreitt tungumál. Við förum að þreifa okkur áfram í styrkjum og samstarfi. Ég heimsótti háskólann í Varsjá til þess að kynna mér pólskunámið hjá þeim sem er alveg frábært. Við sóttum um styrk frá EFTA til þess að fjármagna ferðir kennarans til og frá Íslandi sem við fengum,“ segir Eyjólfur.

Hver sem er getur skráð sig í gegnum Endurmenntun háskólans og tekið námskeiðið. „Þetta er hugsað fyrir nemendur sem vilja taka eitthvað meira en þetta er hentugt þar sem þetta er kennt á skömmum tíma. Þetta er líka upplagt fyrir alla þá sem hafa áhuga á að læra pólsku sem annað tungumál. Námskeiðið er metið til fimm eininga. Við erum ekki enn þá komin með tölu yfir hversu margir mæta á námskeiðið en skráning fyrir nemendur háskólans verður til 10. september. Skráning í gegnum Endurmenntun verður eitthvað lengur en það.“ gunnhildur@frettabladid.is



**Eyjólfur hefur unnið lengi að því að fá pólskukennslu í Háskóla Íslands en verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Varsjá.** Mynd/Vilhelm

---



✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Lára Guðbjörg Aðalsteinsdóttir**

lést 8. ágúst sl. á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar leyfi Hollvinum Grensáss að njóta þess.

**Bjarni Sveinsson**
**Þórunn Ólafsdóttir** **Meyvant Einarsson**
**Hulda Bjarnadóttir** **Haukur Óskarsson**
**Bjarney Bjarnadóttir**
**Sveinn Ingi Bjarnason** **Kristín Geirsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar og bróðir,

**Þorvaldur Hannes Þorvaldsson**
verkfræðingur,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 14. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

**Heiða Berg Díönudóttir**
**Hugi Berg Þorvaldsson**
**Guðfinna Þorvaldsdóttir**
**Guðmundur Hafþór Þorvaldsson**
**Vilhjálmur Birgir Þorvaldsson**
**Sigríður Ragna Þorvaldsdóttir**
**Sumarliði Þorvaldsson**
**Ólafía Ingibjörg Þorvaldsdóttir**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Arnfinns Þórarinssonar**
fv. kaupmanns.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi, Vífilsstöðum og dvalar- og hjúkrunarheimilinu Roðasölum fyrir frábæra umönnun síðustu misseri.

**Guðný Rut Jónsdóttir** **Lárus Valberg**
**Ólafur Haukur Jónsson** **Inga Lára Helgadóttir**
**Arnfinnur Sævar Jónsson** **Helga Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Herdís Haraldsdóttir**
sérkennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 26. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Mörk fyrir góða umönnun.

**Laila Hannesdóttir** **Indriði Jónsson**
**Róbert Hannesson** **Helga Sigríður Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Minn ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Magnús Jóhannsson**

verður jarðsettur frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Erna Hallbera Ólafsdóttir**
**Einar Jónsson** **Kristín Þ. Magnúsdóttir**
**G. Jóhann Jónsson** **Elna T. L. Þorbjörnsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir**
**Guðný Jónsdóttir** **Sigurður Jón Jónsson**
**María Jónsdóttir** **Börkur Gunnarsson**
**Bjarki Páll Jónsson** **Sóley Ragnarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Sigurðardóttir**
Seljahlíð,
áður húsmóðir á Patreksfirði og í Reykjavík,

andaðist í Seljahlíð, föstudaginn 21. ágúst. Jarðsett verður frá Seljakirkju mánudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Hreinn Kjartansson**
**Jens Kjartansson** **Þórey Björnsdóttir**
**Þórunn Kjartansdóttir** **Sigtryggur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri,

**Jónatan Einarsson**
fv. framkvæmdastjóri frá Bolungarvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 17. ágúst. Minningarathöfn fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 27. ágúst kl. 15. Jarðsett verður frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 29. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á Orgelsjóð Hólskirkju nr. 1176-18-911908, kt. 630169-5269.

**Sigrún Óskarsdóttir**
**Einar Jónatansson** **Guðrún B. Magnúsdóttir**
**Ester Jónatansdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Kristján Jónatansson** **Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Elías Jónatansson** **Kristín G. Gunnarsdóttir**
**Heimir Salvar Jónatansson**
**Karl Garðarsson**
**Óskar Örn Garðarsson** **Harpa Norðdahl**
**Sigríður A. Garðarsdóttir** **Þórarinn Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valur Páll Þórðarson**

sem lést á Landspítalanum 20. ágúst, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Erla Þórðardóttir**
**Jónína Valsdóttir**
**Kristín Valsdóttir** **Eiríkur Hjálmarsson**
**Snorri Valsson** **Jóhanna Rútsdóttir**
**Eyrún Valsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær bróðir okkar,

**Hermann Heiðar Hjartarson**

sem andaðist á sjúkrahúsinu á Hólmavík laugardaginn 22. ágúst síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hólmavíkurkirkju 29. ágúst kl. 11.00.

**Systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,

**Arndís Ellertsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,

lést á Landspítalanum 23. ágúst síðastliðinn.

**Mats Wibe Lund,**
**Margit Robertet, Aníta Lund, Christopher Lund og barnabörnin, Hlynur Smári, Manon, Bjargey, Arndís, Eliot og Ari Carl**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Sigurðardóttir**
fyrrum húsfreyja að Borg á Mýrum,

sem andaðist á Hrafnistu við Boðaþing 17. ágúst, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 27. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Nína Leósdóttir** **Stefán Yngvason**
**Sigurður Örn Leósson** **Laufey Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Páll Þorsteinsson**
hjúkrunarheimilinu Eir,

lést 19. ágúst á Landspítalanum. Útförin fer fram í Fossvogskirkju nk. föstudag 28. ágúst kl. 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóði barna.
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Vigdís Pálsdóttir**
**Áslaug K. Pálsdóttir**
**Þorsteinn Pálsson** **Kristín Árnadóttir**
**Páll Á. Pálsson** **Sigríður H. Þorsteinsdóttir**
**Gylfi Þór Pálsson** **Grisell Cabero Pálsson**
**Þuríður Vilhjálmsdóttir** **Vigfús Ásgeirsson**


16
2016
Þú gætir eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox ef þú drífur bílinn í skoðun!
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND
FRÍTT
WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.
LUKKULEIKUR
Þeir sem koma með bíl eða vagn í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast glæsilegt Thule Motion ferðabox frá Stillingu sem verður dregið út 3. september 2015.
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
KREATIV

# VEÐUR & MYNDASÖGUR



| Fimmtudagur | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12° | 10 |
| Ísafjörður | 5° | 14 |
| Akureyri | 8° | 5 |
| Egilsstaðir | 9° | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | 3 |
| Hveravellir | 7° | 7 |

| Föstudagur | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10° | 13 |
| Ísafjörður | 3° | 13 |
| Akureyri | 7° | 7 |
| Egilsstaðir | 9° | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | 4 |
| Hveravellir | 4° | 10 |

**Vaxandi norðaustanátt í dag, 10-18 m/s síðdegis. Rigning, fyrst austanlands, seinni partinn er spáð talsverðri úrkomu á Norðaustur- og Austurlandi. Hægari vindur og léttskýjað suðvestantil á landinu fram eftir degi, en hvessir þar og fer að rigna um kvöldið. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast suðvestanlands.**

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ríki í Mið-Ameríku
6. rún
8. þvottur
9. skyggni
11. tveir eins
12. óróleg
14. rófa
16. pot
17. af
18. fát
20. pfn.
21. traðkaði

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. stefna
4. trjátegund
5. drulla
7. starfræksla
10. kusk
13. skarð
15. rótartauga
16. margsinnis
19. svörð.



**LÁRÉTT:** **2.** Kúba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** der, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT:** **1.** júdó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.

### Skák Gunnar Björnsson



Maxime Vachier-Lagrave (2.731) átti leik gegn Wesley So í fyrstu umferð Singuefield Cup í St. Louis.

**Svartur á leik**
**19. … Bxe4! 20. Rxe4 Bxa1 21. 0-0 He8 22. f3 Bd4+**. Skiptamun yfir vann Frakkinn skákina um síðir. Mótið hefur byrjað afar fjörlega. Topalov vann Carlsen í fyrstu umferð og er efstur eftir tvær umferðir.

www.skak.is: Ofurmót í St. Louis






### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 1 | 2 | | 7 | | 8 |
| | | | 6 | | 7 | | 4 | |
| | | 5 | | 8 | 9 | | 2 | 6 |
| | 9 | | | | | | | |
| 7 | 8 | 6 | | | | 5 | | |
| 5 | | 3 | | | 4 | | 9 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | 3 | | |
| | | 9 | | | 3 | | | |
| 1 | 3 | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 7 | | | |
| 6 | 7 | | | | | | 5 | |
| 9 | | | 1 | | 5 | | 6 | |
| 3 | 6 | 2 | | 7 | | 5 | | |
| | | | 9 | 6 | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 1 | | 8 | | | 7 | 9 | |
| | 5 | 6 | 3 | 1 | | 8 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 8 | | 4 | | 2 | |
| | | 8 | | | 5 | 6 | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | 3 | 4 |
| | | 7 | | | | | | 3 |
| | | | 9 | 8 | | | 5 | |
| | 1 | | | | | | | 2 |
| 3 | | | | 6 | | 1 | | |
| | | 6 | 2 | 4 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 1 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 6 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 8 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 8 | 7 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Weetabix
Weetos
Weetos er heilkorna
og inniheldur viðbætt
járn og D vítamín

# Ástin er það sem allt snýst um

**Lokaverkið í fimm verka röð um mannlegt eðli sem Áhugaleikhús atvinnumanna sýnir á tíu árum snýst um ást og ástleysi. Steinunn Knútsdóttir er höfundur og leikstjóri.**

Við höfum verið að velta fyrir okkur ákveðnum stefjum í mannlegri tilvist og að enda á ástinni er engin tilviljun, hún er það sem maður heldur að geti bjargað heiminum. Ástin er kannski það sem allt snýst um. Eins og í fyrri verkum erum við að velta líka fyrir okkur andstæðum og andstæðan við ástina er kuldi – ekki hatur, heldur kuldi.“

Ástin er yfirgripsmikið efni og því segir Steinunn leikhópinn hafa sóst eftir sönnum sögum. Því hafi hann kallað eftir ástarbréfum og orðið vel ágengt. Töluvert af þeim bréfum sem inn bárust segir hún notað í sýningunni.

„Við fengum mörg bréf frá ólíku fólki og völdum aðallega bréf um ást milli elskenda. Þessi bréf eru hjartað í sýningunni. Þar er ekki bara um rómantíska mynd af ástinni að ræða, heldur er þar auðfundið hversu erfið ástin er og nátengd sársaukanum. Við fjöllum nefnilega líka um væntingar og vonbrigði, upphaf og ástleysi, því í sýningunni eru líka sögur af slitum og endalokum. Það var magnað að komast í tæri við þessi bréf.“

Um 30 manns taka þátt í sýningunni, þar af 20 leikskólabörn sem taka á móti áhorfendum í gangi Borgarleikhússins og eiga við þá samtal, að sögn Steinunnar. „Þetta er þátttökuleikhús,“ tekur hún fram. „Fólk mætir ekki til að gleyma sér heldur til að rifja upp og muna, hugsa um ástina í eigin lífi og þýðingu hennar. Við leikhúsfólkið erum ekki að leggja til ákveðna sýn á ástina heldur veita rými til að áhorfandinn geti velt spurningum fyrir sér með okkur og áfram.“

Spurningu um hvort áhorfendur leggi til setningar í sýninguna svarar Steinunn svo: „Nei, ekki frekar en þeir vilja en hver og einn verður samt að fara í gegnum ákveðið ferli, því þennan klukkutíma sem sýningin stendur ætlum við að hugleiða ástina. Við erum ekki að búa til sögur, heldur eru þær raunverulegar.




**Hópurinn samanstendur af atvinnuleikurum og krökkum sem taka á móti gestunum í forsal Borgarleikhússins.** Fréttablaðið/Stefán

Sýningin hefst klukkan 19 í kvöld á upphafsdegi hátíðarinnar Lókal og Reykjavík Dansfestival. Eldri verk Áhugaleikhússins verða öll á dagskrá hátíðarinnar. „Það er hrikalegt fyrirtæki að vera með fimm mismunandi sýningar,“ viðurkennir Steinunn en bætir við: „Þó er mjög gaman að takast á við þær.“

gun@frettabladid.is




MAX ÚTSALA
max.is
ALLAR VÖRUR Á LÁGMAX VERÐI!
ÚTSÖLULOK UM HELGINA
MAX ÚTSALAN ER Á FULLU!
Stærri en nokkru sinni fyrr!
ÚTSÖLULOK UM HELGINA
Sjá allt úrvalið á max.is
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
SÍMI 412 2200
BEINT Á MÓTI IKEA




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 7, 10 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6, 8, 10 |
| THE GIFT | 8, 10:20 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 | 12 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | KL. 10:20 | 12 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 10:10 | 16 |
| VACATION | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| VACATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | 12 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| VACATION | KL. 8 | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:10 | 12 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## Fyrirlestrar

**Hvað:** Fyrirlestur með Sascha Lobe
**Hvenær:** Kl. 16.00
**Hvar:** Listaháskóli Íslands, Þverholti 11
Fyrirlestur á vegum hönnunar- og arkitektúrdeildar. Að loknum fyrirlestri verður sýningin Scratching the edge, cutting the surface opnuð. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og eru allir velkomnir.

## Sýningar

**Hvað:** Island Iceland Offshore Project
**Hvenær:** Kl. 17.00
**Hvar:** Skaftfell Art Center, Austurvegi 42
Fimmtán manna hópur listamanna sem dvalið hefur í Nielsenhúsi á Seyðisfirði undanfarna tvo mánuði opnar sýningu á þeim verkum sem orðið hafa til á tímabilinu.

## Dans

**Hvað:** The Opening
**Hvenær:** Kl. 17.00
**Hvar:** Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a
Verkið er hluti af Reykjavík Dance Festival. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað:** Giselle
**Hvenær:** Kl. 19.00
**Hvar:** Borgarleikhúsið, Listabraut 3
Verk eftir Höllu Ólafsdóttur og John Moström. Verkið er sýnt á Reykjavík Dance Festival. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað:** Milkywhale
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Frumsýning á dansverkinu Milkywhale eftir danshöfundinn Melkorku Sigríði Magnúsdóttur. Árni Rúnar Hlöðversson tónlistarmaður sá um tónlistina. Miðaverð 2.900 krónur.

## Uppákomur

**Hvað:** Swap 'Til You Drop
**Hvenær:** Kl. 16.30
**Hvar:** Loft Hostel, Bankastræti 7
Loft fer með alla þá hluti sem finna ekki nýtt heimili á skiptimarkaðnum í Rauða krossinn. Öllum frjálst að mæta með hrein föt og bækur, skilja eftir og taka eitthvað með heim sem er á markaðnum. Þátttaka ókeypis.

**Hvað:** Open Mic
**Hvenær:** Kl. 22.00
**Hvar:** Húrra, Naustin
Aðgangur ókeypis.





Open Mic fer fram á Húrra í kvöld.

## Leiklist

**Hvað:** When I Die
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a
Verkið er hluti af Reykjavík Dance Festival. Miðaverð 2.900 krónur.

## Tónlist

**Hvað:** Dj AB
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** Big Lebowski, Laugavegi 20a

**Hvað:** Trúbadorinn Alexander
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** American Bar, Austurstræti 8

**Hvað:** Trúbadorarnir Alexander og Guðmann
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** English Pub, Austurstræti 12

**Hvað:** Tónleikar með Just Another Snake Cult og WESEN
**Hvenær:** Kl. 21.00
**Hvar:** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Aðgangur ókeypis.






# Leiklist og dans í eina sæng

Danslistahátíðin Reykjavík Dance Festival og leiklistarhátíðin LÓKAL fara fram víðsvegar um höfuðborgina í vikunni og koma fram undir yfirskriftinni Every Body's Spectacular.

Fyrstu sýningarnar verða í kvöld og er af nógu að taka en alls er um að ræða sjö erlend verk og þrettán íslensk.

„Í kvöld erum við með opnun í Gamla bíói klukkan fimm og þar verður Margrét Bjarnadóttir með opnunarverk og þar eru allir velkomnir að koma og skála með okkur og starta hátíðinni,“ segir Kara Hergils, framkvæmdastjóri Reykjavík Dance Festival.

Hátíðirnar eru nú í fyrsta sinn í nánu samstarfi en Reykjavík Dance Festival verður haldin fjórum sinnum í ár og verður næst í nóvember. „Sjálfstæða danssenan á Íslandi er ekki stór og við vildum hafa fleiri viðburði og hafa hana sýnilegri oftar yfir árið og bjóða upp á vettvang til þess að sýna.“

Kara segir sameiningu hátíðanna bjóða upp á ýmis tækifæri. „Það gerir okkur kleift að flytja inn fleiri og stærri verk. Leikhús er orðið svo fljótandi hugtak að mörkin á milli leiklistar og dans eru ekkert svo skýr lengur. Það er svolítið smart að skeyta þetta svona saman.“



Kara Hergils er framkvæmdastjóri Reykjavík Dance Festival. Fréttablaðið/Stefán

Nánari dagskrá er hægt að nálgast á Reykjavikdancefestival.com. Miði á stakar sýningar kostar 2.900, hátíðarpassi er á 9.900 og stendur hátíðin til 30. ágúst næstkomandi. – gló




## Gamli góði
20 BITAR FYRIR 5 MANNS

- Hangikjöt, eggjasalat, fínt brauð.
- Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur, fínt brauð.
- Rækjusalat, fínt brauð.



3.680 kr.

## Eðalbakki
20 BITAR FYRIR 5 MANNS

- Hangikjöt, lauksósa, salatmix, kornbrauð.
- Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir, fínt brauð.
- Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix, kornbrauð.



3.680 kr.

## Lúxusbakki
20 BITAR FYRIR 5 MANNS

- Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa, kornbrauð.
- Kjúklingur, egg, lauksósa, kornbrauð.
- Reyktur lax, íssalat, fínt brauð.



3.680 kr.

## Partýbakki
30 BITAR FYRIR 5 MANNS

- BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat, fín tortilla.
- Fetaostur, rauðlaukur, spínat, tómat tortilla.
- Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa, fín tortilla.



4.100 kr.

## Veislubakki
30 BITAR FYRIR 5 MANNS

- Reykt skinka, egg, íssalat, fín tortilla.
- Tikka masala kjúklingur, íssalat, fín tortilla.
- Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix, tómat tortilla.



4.100 kr.

## Heilsubakki
30 BITAR FYRIR 5 MANNS

- Hummus, granatepli, spínat, gúrkur, heilhveiti tortilla.
- Reyktur lax, salatmix, rjómaostur, heilhveiti tortilla.
- Spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa, tómat tortilla.



4.100 kr.

## Ávaxtabakki
40 - 60 BITAR FYRIR 5 - 8 MANNS

- Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.800 kr.

## Desertbakki
50 BITAR FYRIR 10 MANNS

- Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
- Kókostoppar með súkkulaði.



2.270 kr.

## Kökubakki
24 BITAR FYRIR 10 MANNS

- Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
- Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
- Eplakaka með kanilkeim.



3.300 kr.

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.** Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4 bakkar** eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI

Ferskt á hverjum degi




2 | 20:00
**LÝÐVELDIÐ**
Nýr og ferskur íslenskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa ráðleggingar í ýmsum málum. Í þessum fyrsta þætti er stefnumótamenningin tekin fyrir, hvað má og hvað má alls ekki á fyrsta stefnumóti.

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:25
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



2 | 21:15
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið.



2 | 23:00
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.



b | 22:00
**WE'RE THE MILLERS**
Hressileg og skemmtileg gamanmynd með Jennifer Aniston og Jason Sudeikis í aðalhlutverkum.



3 | 21:35
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakkastöðin | 18:00
**FRANKLÍN**
Skemmtileg teiknimynd um ævintýralegu skjaldbökuna Franklín.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2 **07.45** Big Time Rush **08.10** The Middle **08.30** The Crazy Ones**08.55** Mom (17.22) **09.15** Bold and the Beautiful **09.35** Doctors **10.20** Spurningabomban **11.05** Mike and Molly **11.25** Höfðingjar heim að sækja **11.50** Grey's Anatomy **12.35** Nágrannar **13.00** Nashville **13.45** Nashville **14.30** White Collar **15.15** Man vs. Wild **16.05** Big Time Rush **16.30** Welcome To the Family **16.55** Raising Hope **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Nágrannar **18.05** The Simpsons **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **18.47** Íþróttir **18.55** Ísland í dag. **19.10** Víkingalottó **19.15** The Middle **19.35** Mindy Project Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér. **20.00** Lýðveldið (1.6)Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum, til dæmis um stefnumótamenningu landans og tilhugalíf. **20.25** Covert Affairs **21.05** Mistresses **21.50** Your're the Worst **22.15** Rita **23.00** Major Crimes **23.45** Real Time With Bill Maher **00.45** NCIS **01.30** Tyrant **02.15** Piranha 3D **03.40** Runner, Runner **05.10** Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

## SPORT

**10.35** Ítölsku mörkin 2015/2016 **11.05** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 **12.50** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 **14.35** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 **16.20** Spænsku mörkin 2015/2016 **16.45** Pepsímörkin 2015 **18.00** Sumarmótin 2015 (Arionmótið) Skemmtilegur þáttur um knattspyrnustjörnur framtíðarinnar. Umsjónarmaður er Guðjón Guðmundsson. **18.40** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 (Club Brugge - Man. Utd.) Bein útsending frá leik Club Brugge og Manchester United í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu. **21.05** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 **22.45** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016 **00.25** League Cup 2015/2016



Club Brugge og Manchester United 18.40

## SPORT 2

**09.05** Premier League Review 2015 **10.00** Premier League 2015/2016 **11.45** Premier League 2015/2016 **13.30** Enska 1. deildin 2015/2016 **15.10** Football League Show 2015/16 **15.40** Premier League 2015/2016 **17.25** Messan Leikirnir í enska boltanum gerðir upp og mörkin og marktækifærin krufin til mergjar. **18.40** League Cup 2015/2016 (Barnsley - Everton) Bein útsending frá leik Barnsley og Everton í enska deildarbikarnum. **20.45** Premier League 2015/2016 **22.30** Premier League 2015/2016 **00.15** Premier League 2015/2016

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing **18.35** Cristela **19.00** Hart of Dixie **19.45** Baby Daddy **20.10** Awake **20.55** The Originals **21.40** The Mysteries of Laura **22.25** Witches of East End **23.10** Sirens **23.35** Supernatural **00.20** Hart of Dixie **01.05** Baby Daddy **01.30** Awake **02.15** The Originals **03.00** The Mysteries of Laura **03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN



Dóra landkönnuður, 10.00

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Lína Langsokkur **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Zigby **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Leyndarmál vísindanna **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Lína Langsokkur **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Zigby **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Leyndarmál vísindanna **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Lína Langsokkur **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Zigby **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Leyndarmál vísindanna **19.00** Franklin

## GULLSTÖÐIN

**17.30** Strákarnir **17.55** Friends **18.20** New Girl **18.45** How I Met Your Mother **19.10** Two and a Half Men **19.35** Tekinn **20.05** Beint frá messa **20.50** Chuck **21.35** Cold Case **22.20** Curb Your Enthusiasm **22.50** Cold Feet **23.45** Tekinn **00.15** Beint frá messa Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn halda tónleika í messa skipa. Skipin eru hvaðanæva af landinu og hljómsveitirnar jafn ólíkar og þær eru margar. Meðal þeirra sem troða upp í messanum eru Mugison, Gylfi Ægisson og Retro Stefson að ógleymdri stórsveitinni Stuðmönnum. Íslensk tónlist í hæsta gæðaflokki flutt við afar íslenskar aðstæður. **01.00** Chuck **01.45** Cold Case **02.30** Curb Your Enthusiasm **03.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## GOLFSTÖÐIN

**08.15** PGA Tour 2015 **13.15** PGA Tour 2015 Highlights **14.10** Golfing World 2015 **15.00** PGA Championship 2015 **18.00** Golfing World 2015 **18.50** PGA Tour 2015 **23.50** Golfing World 2015

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** The Oranges **12.30** Mom's Night Out **14.10** Cast Away **16.30** The Oranges **18.00** Mom's Night Out **19.40** Cast Away **22.00** We're the Millers **23.50** Kingdom of Heaven Stórbrotin og söguleg ævintýramynd með Orlando Bloom eftir Ridley Scott. Myndin gerist á 12. öld, á tímum krossferðanna og fjallar um ungan járnsmið sem misst hefur fjölskyldu sína og leggur upp í krossferð til borgarinnar helgu. **02.15** Red Dawn **03.50** We're the Millers



Cast Away 19.40

## RÚV

**11.00** HM í frjálsum íþróttum **16.30** Ráðgátur Murdoch **17.20** Disneystundin **17.21** Finnbogi og Felix **17.43** Sígildar teiknimyndir **17.50** Gló magnaða **18.15** Táknmálsfréttir **18.25** Neytendavaktin **18.54** Víkingalottó **19.00** Fréttir **19.25** Íþróttir **19.30** Veðurfréttir **19.35** Íþróttaafrek sögunnar (6:14) (Liverpool og ÓL-1968) Heimildarþáttaröð þar sem nokkrir helstu viðburðir íþróttasögunnar eru rifjaðir upp. Í þættinum er fjallað um endurkomu Liverpool og Ólympíuleikana í Mexíkó árið 1968. **20.05** Innsæi (4:14) **20.45** Íslenskar stuttmyndir - Þröstur Stuttmynd um Þröst sem á sér draum. Þegar stúlkan sem Þröstur er hrifinn af segist ætla að koma að hlusta á hann syngja í karókí-keppni sér Þröstur tækifæri til að láta draum sinn rætast og vinna hjarta stúlkunnar í leiðinni. Aðalhlutverk: Tómas Ingi Þórðarson, Anna Hafþórsdóttir, Lilja Þórisdóttir, Hjálmar Hjálmarsson o.fl. Leikstjóri: Ingimar Björn Davíðsson. **21.10** Allir litir hafsins eru kaldir **22.00** Tíufréttir **22.15** Veðurfréttir **22.20** HM í frjálsum - samantekt **22.35** Ráðgátan Neil Armstrong **23.35** Kóðinn (2:6) **00.30** Fréttir Endursýndar Tíufréttir. **00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist **08.00** Everybody Loves Raymond **08.22** Dr. Phil **09.05** The Biggest Loser **09.47** The Biggest Loser **10.31** Pepsi MAX tónlist **13.45** Cheers **14.09** Dr. Phil **14.51** Welcome to Sweden **15.14** Reign **15.55** Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku. **16.20** America's Next Top Model **17.02** Royal Pains **17.45** Dr. Phil **18.28** The Talk **19.10** Million Dollar Listing **19.55** Growing Up Fisher Bandarískir grínþættir sem fjalla um hinn tólf ára gamla Henry og daglegt líf á meðan foreldrar hans standa í skilnaði. Fjölskylda Henrys er langt frá því að vera hefðbundin og samanstendur af tveimur börnum, mömmu sem er ósátt við að eldast, blindum pabba og skemmtilegum blindrahundi. **20.15** America's Next Top Model **21.00** Girlfriends' Guide to Divorce **21.45** Satisfaction **22.30** Sex & the City **22.55** Madam Secretary **23.40** Agents of S.H.I.E.L.D. **00.25** Extant **01.10** Girlfriends' Guide to Divorce **01.55** Satisfaction **02.40** Sex & the City **03.05** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




KONAN Í LESTINNI EFTIR PAULA HAWKINS

# ENGIN SKÁLDSAGA HEFUR SELST JAFN HRATT Í HEIMINUM!

„Paula Hawkins leikur sér að sjónarhornum og tímasetningum af mikilli fimi og skapar gríðarlega spennu og samúð með óvenjulegri aðalpersónu."
– THE GUARDIAN

„Flækjur í vef lyga" ★★★★ – MORGUNBLAÐIÐ

★★★★ – KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, DV




FRAMÚRSKARANDI VINKONA EFTIR ELENU FERRANTE

# „ALLIR ÆTTU AÐ LESA ALLT EFTIR ELENU FERRANTE!"

– Boston Globe

Napólí-sögur Elenu Ferrante fara nú sannkallaða sigurför um heiminn. Elena og Lila alast upp í alþýðuhverfi í Napólí á sjötta áratugnum, þegar heimurinn er að taka miklum stakkaskiptum. Þetta er stórbrotin saga af vináttu, umbreytingum og lífsins gangi.

★★★★ „Ávanabindandi" – FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★½

„Kraftmikil, viðburðarík, afar vel sögð og áhrifamikil."
– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, DV

BJARTUR



# One Direction AÐ HÆTTA?

Heimur ungra stúlkna lék á reiðiskjálfi þegar fréttir bárust af því að breska hljómsveitin One Direction væri að hætta eftir fimm ára samstarf. Meðlimir sveitarinnar segja þó að aðeins sé um árs frí að ræða og þeir ætli að halda áfram í lok næsta árs.

Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is

Eins og alþjóð veit hafa meðlimir hljómsveitarinnar One Direction staðfest fregnir þess efnis að þeir ætli að taka sér árs pásu. Á seinustu fimm árum hafa þeir tekið þátt í X-Factor, gefið út fjórar plötur, farið í sex tónleikaferðalög og gefið út þrjár tónleikamyndir. Það er því auðvelt að skilja það að strákarnir séu orðnir þreyttir, jafnvel hver á öðrum. Seinustu tónleikar þeirra í bili verða í Sheffield í október en talið er að einhverjir þeirra hefji sólóferil í kjölfarið.

Þeir hófu allir ferilinn hver í sínu lagi þegar þeir mættu í áheyrnarprufur fyrir bresku útgáfu X-Factor. Þeir voru settir saman í eina hljómsveit seinna í þáttunum þar sem þeir voru ekki taldir líklegir til sigurs einir og sér.

Hljómsveitin er samsett af þeim Harry Styles, Niall Horan, Liam Payne og Louis Tomlinson. Zayn Malik var áður með þeim en hann sagði skilið við sveitina fyrr á árinu vegna löngunar til þess að lifa eðlilegu lífi sem 22 ára strákur. Strákarnir hafa verið duglegir að lenda á síðum slúðurblaðana vegna persónulegra sambanda þeirra.

Harry Styles hefur verið langmest áberandi af hljómsveitarmeðlimunum en hann hefur átt í ástarsambandi við ólíklegustu stúlkur. Til þess að byrja með byrjaði hann með einum af kynnum X-Factors þegar hann tók þátt í keppninni en þá var hann aðeins 17 ára en hún 31 árs. Hann byrjaði seinna með söngkonunni Taylor Swift en hún samdi lag um hann eftir að þau hættu saman sem hét „I Knew You Were Trouble“. Hann var einnig á föstu með raunveruleikastjörnunni Kendall Jenner og fyrirsætunni Cöru Delevigne. Upp á síðkastið hefur hann sést á ýmsum stefnumótum með fyrirsætum.

Louis Tomlinson á von á barni með stelpu sem hann átti í stuttu sambandi við í Los Angeles eftir eitt djammið. Hann segist þó vera spenntur fyrir komu frumburðarins og verður hann eflaust frábær faðir. Liam og Niall hafa látið minna fyrir sér fara þegar kemur að persónulega lífinu. Zayn Malik var trúlofaður Perrie Edwards í tvö ár og var hún talin vera ástæðan fyrir að hann hætti í hljómsveitinni. Þau slitu hins vegar trúlofuninni í mánuðinum mörgum til mikillar furðu.

Það hefur lengi verið talið að Harry yrði sá fyrsti til að hefja sólóferil en hann er talinn vera með bestu röddina og er í raun mesta stjarnan í hópnum en það verður spennandi að fylgjast með hvernig þeim mun ganga þegar þeir verða einir á báti. Það sem margir óttast er að þeim muni ganga það vel að þeir muni ekki koma saman aftur eins og þeir hafa lofað aðdáendum sínum.

## POP-SVEITIR SEM HAFA LAGT UPP LAUPANA

- Destiny's Child
- Backstreet Boys
- Spice Girls
- N'Sync
- Take that
- S Club 7
- The Wanted



## One Direction í gegnum árin

**2010**

**Júlí 2010** Fóru í áheyrnarprufur hver í sínu lagi fyrir breska raunveruleikaþáttinn X-Factor. Þeir þóttu þó ekki nógu sterkir söngvarar og eftir að þeir komust ekki áfram í 12 liða úrslit sem einstaklingar ákvað Nicole Scherzinger, sem var gestadómari í þáttunum á þessum tíma, að setja þá saman í eina strákahljómsveit. Þeir enduðu svo í þriðja sæti í keppninni.

**2011**

**Janúar 2011** Í byrjun ársins hófu þeir upptöku á fyrstu breiðskífu sinni. Þeir tóku hana upp í Svíþjóð, London og Los Angeles með mörgum af þekktustu upptökustjórum heims.

**September 2011** Fyrsta smáskífa plötunnar var gefin út. Hún bar nafnið What Makes You Beautiful og skaust í fyrsta sætið á breska vinsældalistanum.

**2012**

**Febrúar 2012** What Makes You Beautiful var gefin út í Bandaríkjunum en þá höfðu strákarnir nýlega skrifað undir samning við Columbia Records. Smáskífan seldist í fjórum milljónum eintaka þar í landi og komst á 28. sæti vinsældalistans.

**Mars 2012** One Direction gaf út sína fyrstu breiðskífu, Up All Night. Hún fór beint í fyrsta sæti í Bretlandi og varð hljómsveitin því sú fyrsta breska til þess að ná þeim árangri að lenda á toppnum með sína fyrstu plötu.

**Ágúst 2012** Sveitin kom fram á lokahátíð Ólympíuleikanna í London með pompi og prakt og þeir stimpluðu sig inn á kortið sem alþjóðlegar stjörnur.

**Desember 2012** Strákarnir spiluðu fyrir Englandsdrottningu auk þess að spila á troðfullum tónleikum í Madison Square Garden í New York.

**2013**

**Febrúar 2013** Önnur tónleikaferð strákanna hófst fyrir nýútgefna plötu þeirra, Take Me Home, en það seldist upp á flesta tónleika þeirra í Bretlandi og á Írlandi á nokkrum mínútum. Gagnrýnendur sögðu tónleika sveitarinnar vera frábæra og hrósuðu sérstaklega persónutöfrum þeirra og vönduðum söng.

**Ágúst 2013** Heimildarmynd var gefin út um tónleikaferð strákanna og náði miklum vinsældum í Bretlandi og Bandaríkjunum og er í dag fjórða vinsælasta tónleikamynd í heimi.

**2014**

**Nóvember 2014** Fjórða breiðskífa One Direction var gefin út en hún bar nafnið Four og fór beint í fyrsta sæti breska vinsældalistans. Þeir hófu í kjölfarið tónleikaferðalag um heiminn.

**2015**

**Mars 2015** Mörg hjörtu voru kramin þann 25. mars þegar hljómsveitin sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að Zayn Malik hefði yfirgefið sveitina. Hann sjálfur gaf upp þá ástæðu að hann væri orðinn þreyttur á frægðinni en hann hefur þó verið að vinna í sínu eigin efni eftir viðskilnaðinn við vinsælustu hljómsveit heims.

**Júlí 2015** One Direction gaf út sína fyrstu smáskífu eftir brottför Zayn og heitir hún Drag Me Down.

**Ágúst 2015** The Sun birtir grein um að hljómsveitin ætli sér að hætta og allt fer í háaloft. Liam og Niall segja þó að það sé ekkert að óttast og að þeir ætli aðeins að taka árs frí til þess að gera það sem þá langar til. Það er skiljanlegt þar sem þeir hafa unnið mjög náið saman stanslaust undanfarin fimm ár.

#rsiceland

# RAE SREMMURD

## Í HÖLLINNI Á MORGUN!



## HEIL TÓNLISTARHÁTÍÐ Á EINU KVÖLDI!

19.00 - HÚSIÐ OPNAR
19.30 - HERMIGERVILL
20.00 - HR HNETUSMJÖR + FRIKKI DÓR
20.20 - RETRO STEFSON
20.40 - GÍSLI PÁLMI
21.00 - PELL
21.30 - RAE SREMMURD
22.30 - ÁÆTLUÐ LOK

MIÐAAFGREIÐSLA OG SALA Á STAÐNUM FRÁ KL. 16 Á TÓNLEIKADAG. MIÐAVERÐ AÐEINS: 7.990 KR.

* DAGSKRÁ BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR.

Doritos · pepsi MAX · PlayStation

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540-9800.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/RAE

sena




ABSALON
Hægindastóll. Klassískur í útliti nú á frábæru verði. Fáanlegur ljósgrár.
Stærð: B:83 D:84 H:86 cm
39.840 kr.
~~69.840 kr.~~



SALLY
Fáir sitja betur.
Hægindastóll PU Brandy, Rio antrazit og ljósgrár.
Stærð: 72x72 H:88 cm.
29.990 kr. ~~39.980 kr.~~



MINO
Hægindastóll áklæði grár, vintage svart og brúnn
Stærð: B:73 D:73 H:76 cm
29.990 kr. ~~54.980 kr.~~



KENYA
Hægindastóll bonded leður á slitflötum svartur
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm
49.990 kr. ~~59.980 kr.~~



ASTRO
Ófáanlegur í 30 ár. Fjórir litir . Grár, appelsínugulur, rauður og dökkgrár.
Stærð: 77 × 73 × 82 cm
49.990 kr. ~~59.980 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100

Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á frábæru verði.
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is




Straight Outta Compton verður frumsýnd í dag.

# Lét rappið allt ríma

## Þýðingin á Straight Outta Compton vekur athygli. Haraldur Jóhannsson þýðandi hlustaði á N.W.A. til að fá innblástur.

„Ég ákvað að hafa orðalagið gróft og sláandi – því þeir voru það á sínum tíma,“ segir Haraldur Jóhannsson þýðandi um myndina Straight Outta Compton sem frumsýnd verður í kvikmyndahúsum í dag. Eftir sérstaka forsýningu myndarinnar á mánudagskvöld mátti heyra áhorfendur ræða sérstaklega um þýðingu myndarinnar og vakti það athygli að Haraldur þýddi texta rappsveitarinnar; og það sem meira er, hann lét textana ríma á íslensku.

„Þetta var talsvert meira en venjuleg þýðing,“ segir Haraldur og heldur áfram: „Það er óvenjulega mikið talað í myndinni. Þetta var þriggja daga verk, að þýða myndina. Yfirleitt taka kvikmyndir um einn dag í þýðingu.“

Haraldur segist hafa þurft að setja sig í stellingar til að þýða rappið í myndinni. „Sko, það er alltaf spurning hvort maður eigi að þýða texta í lögum. Ef þeir skipta máli fyrir samhengi myndarinnar gerir maður það. Í Straight Outta Compton eru textarnir partur af „plottinu“, þeir eru þjóðfélagsádeila og það hefði ekki verið hægt að sleppa því að þýða þá. Og fyrst maður er byrjaður að þýða þá er um að gera að reyna að láta þá ríma. Þá reynir maður að fórna eins litlu af innihaldinu og hægt er. Maður sleppir þá frekar að láta eina til tvær línur ríma, til þess að merkingin haldi sér.“

Haraldur hefur reynslu af að þýða myndir þar sem lagatextar skipta máli. „Ég þýddi Mama Mia og Hairspray, en þetta er auðvitað miklu óheflaðra. Ég þýddi líka 8 Mile, sem var mun svipaðra þessu.“ Þrátt fyrir reynsluna þurfti Haraldur að setja sig inn í menninguna og tíðarandann á vesturströnd Bandaríkjanna á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. „Netið er ómetanlegt, til þess að geta flett upp vísunum í textum og slangri. Maður reynir að aðlaga þetta þannig að áhorfendur skilji hvað er verið að tala um, þó svo maður sé ekkert að snúa þessu upp á Ísland.“

Haraldur notaði lög N.W.A. til að veita sér innblástur við þýðinguna. „Maður þurfti að liggja svolítið yfir þessu og reyna að skilja tóninn í lögunum, hvort þetta eigi að vera bítandi eða húmor. Maður þarf að skilja hvernig þeir leggja lögin upp og reyna að upplifa þeirra túlkun á yrkisefninu.“ **kjartanatli@frettabladid.is**

### ICE CUBE Á ÍSLENSKU

Hér gefur að líta textann úr laginu No Vaseline með rapparanum Ice Cube, bæði á ensku og svo í íslenskri þýðingu Haraldar.

**TEXTI ÚR LAGINU NO VASELINE**

**Goddamn, I'm glad y'all set it off**
**Used to be hard, now you're just wet and soft**
**First you was down with the AK**
**And now I see you on a video with Michel'le**
**Looking like straight bozos**
**I saw it coming, that's why I went solo**
**And kept on stompin'**
**While y'all motha-fuckers moved straight outta Compton**
**Living with the whites, one big house**
**And not another nigga in sight**
**I started off with too much cargo**
**Dropped four niggas now I'm making all the dough**

**ÞÝÐING HARALDAR**

**Gott að þið dissuðuð mig, vinir**
**Voruð harðir en eruð núna grautlinir.**
**Fyrst hömpuðuð þið allir AK**
**Nú ykkur sé ég í myndbandi með Michel'le**
**Þið eruð sjón ei falleg**
**Ég sá það fyrir, þess vegna fór ég**
**Og hélt áfram að strita**
**Og sá ykkur ræflana alla burt frá Compton flytja**
**Búið með hvítum, eitt stórt hús, já**
**En hvergi er annan surt að sjá**
**Ég byrjaði með allt of mikla byrði**
**Henti fjórum surtum og er nú miklu meira virði**




**Það tók Harald Jóhannson þrjá daga að þýða myndina Straight Outta Compton. Hann vandaði greinilega til verka og lét rapptextana ríma í íslenskri þýðingu.**



Domino's
MEGAVIKA
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.390 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 24.–30. ÁGÚST 2015
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
Coca-Cola

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5313 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Ólafar Skaftadóttur


## Fagmenn eða leikmenn?

Menntamálastofnun gaf út greiningu í síðustu viku sem segir að kennsluaðferðin byrjendalæsi skili ekki þeim árangri sem vonir voru bundnar við. Aðstandendur byrjendalæsis svara og segja framsetningu greiningarinnar villandi og ranga. Menntamálastofnun svarar aftur og segir ekkert athugavert við greininguna. Þessi umræða fer fram og aftur eins og borðtenniskúla. Stór orð eru látin falla. Er byrjendalæsi góð aðferð eða er hún slæm? Er hún kannski aðferð sem hentar sumum og öðrum ekki? Ég veit það ekki. Ég er hvorki kennari né móðir og ég hef ekki lagt stund á neins konar menntavísindi.

Ráðherra menntamála gerði athugasemd við að aðferð sem hefur ekki verið prófuð eða rannsökuð á fullnægjandi hátt sé notuð í 80 skólum, eða um helmingi allra grunnskóla á landinu. Rósa Eggertsdóttir, hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og forsprakki byrjendalæsis, sagði að ef fara ætti eftir athugasemdum Illuga Gunnarssonar og prófa allar þær aðferðir sem við notum til að mennta börnin okkar yrði að leggja niður alla skóla í landinu, því engar aðferðir væru prófaðar.

Þar kviknaði áhugi minn á málinu og hann hefur ekkert að gera með kennsluaðferðina byrjendalæsi.

Er það virkilega svo að grunnskólar þessa lands tileinki sér nýjar kennsluaðferðir í skólum án þess að prófa þær fyrst? Er ekki eðlileg krafa til háskóla þessa lands að þeir noti aðferðir sem hafa fengið einhvers konar vottun? Læknar taka það skýrt fram við sjúklinga ef þeir bjóða þeim tilraunameðferðir sem ekki hafa staðist klínísk próf, sem lúta kúnstarinnar reglum. Þannig veit sjúklingurinn fyrirfram að um tilraunameðferð er að ræða. Ég hefði haldið að það sem skilur milli fagmanns og leikmanns væri fagkunnátta byggð á aðferðum sem staðist hafa ákveðin próf.


WOW air




KOMDU ÚT AÐ LEIKA!

BORGIN ÞÍN Á BETRA VERÐI




KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.